

HJALTI HUGASON

Á hverfanda hveli

Um breytta stöðu þjóðkirkjunnar í ljósi sögunnar

Staða íslensku kirkjunnar hefur breyst mikið frá því sem var í sveitasamfélagi fyrri tíðar. Þessa verður mjög vart sé horft til þeirra tveggja áratuga sem liðnir eru af tuttugustu og fyrstu öldinni. Mælanlegar breytingar á stöðu kirkjunnar hafa trúlega aldrei verið örari en einmitt á þessu skeiði. Þær koma ekki síst fram í hlutfallstölum þeirra sem tilheyra þjóðkirkjunni, þeirra sem játa trúarkenningum hennar og telja sig almennt eiga samleið með henni. Um aldamótin tilheyrðu um 89 prósent landsmanna þjóðkirkjunni. Tuttugu árum síðar var sú tala komin niður í 63,5 prósent og hafði því lækkað um rúm 25 prósentustig.¹ Hlýtur það eitt að teljast róttæk breyting og réttlæta að staðhæft sé að staða þjóðkirkjunnar sé á hverfanda hveli. Þróunina má vissulega skýra með ýmsu móti og þarf raunar ekki að seilast aftur í aldir til þess eins og hér verður þó gert. Lýðfræðileg samsetning samfélagsins er til að mynda önnur nú en fyrir tuttugu árum. Um aldamótin töldust 2,6 prósent landsmanna hafa annan bakgrunn en íslenskan. Nú er hlutfallstalan 13,5 prósent.² Margir þessara nýju Íslendinga eiga rætur í annarri trúarhefð en þeirri evangelísk-lúthersku og hafa því ekki skráð sig í þjóðkirkjuna við flutning til landsins eða af öðrum ástæðum valið að standa utan hennar.

Þetta skýrir þróunina þó ekki til fulls. Þvert á móti er ljóst að staða þjóðkirkjunnar er einnig á hverfanda hveli meðal fólks með djúpar rætur

¹ „Mannfjöldi eftir trú og lífsskoðunarfélögum 1998–2020“, *Hagstofa Íslands*, sótt 1. febrúar 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menn-ing__5_trufelag/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=6bd0ee91-d9d7-43b4-a5d2-9ea69d533ca8.

² „Erlendir ríkisborgarar. Hlutfall af mannfjölda“, *Hagstofa Íslands*, sótt 1. febrúar 2021 af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>.



í íslensku samfélagi og menningu. Það kemur meðal annars fram í að 2020 lýstu 61 prósent aðspurðra í könnun lífsskoðunarfélagsins Siðmenntar og könnunarfyrtækisins Maskínu að þau játuðu kristna trú og hafði hlutfall þeirra lækkað um rúm sjö prósent síðustu fimm árin. Þegar frekar var grafið fyrir um hvaða merkingu fólk lagði í að vera kristin/n kom í ljós að tæpt 31 prósent þeirra sem lýsa afstöðu sinni svo virðast aðhyllast hefðbunda kirkjulega trú en afstaða annarra ráðast meira af siðferðilegum, félagslegum eða menningarlegum ástæðum sem ekki þurfa að fela í sér persónulega trúarastöðu. 2020 töldu tæp 42 prósent aðspurðra sig trúuð miðað við rúm 46 prósent fimm árum áður. Loks taldi um fjórðungur aðspurðra sig eiga mjög eða fremur mikla samleið með þjóðkirkjunni og var það hlutfall nánast óbreytt frá því fimm árum áður.³ Ljóst er því að margir tilheyra þjóðkirkjunni án þess að aðild þeirra að henni standi föstum fótum í kenningu hennar og helgihaldi. Þetta er vissulega ekki séríslenskt fyrirbæri heldur sameiginlegt einkenni á norrænni trúarmenningu.⁴

Fyrrgreindar tölur varpa ljósi á kvikt ástand og þær benda til að staða kirkjunnar geti fyrirstöðulítið tekið örum breytingum á næstu áratugum, til dæmis þannig að kirkjuaðildin hrapí hraðar hér á næstu tuttugu árum en gerst hefur frá aldamótum. Lútherska kirkjan verður þó áfram fjölmennasta kirkjudeild landsins um fyrirsjáanlega framtíð. Samt er líklegt að ekki verði ýkja langt í að félagatala hennar verði komin vel undir helming landsmanna. Þá gæti hlutfall þeirra sem samsamar sig á marktækan máta með kirkjunni og trú hennar verið komið vel undir fimmtung og sterkar efasemdir þá verið teknar að vakna um hvort lútherska kirkjan geti talist þjóðkirkja Íslendinga öðruvísi en í sögulegri merkingu.

³ „Siðmennt. Lífsskoðanir Íslendinga og trú, nóvember 2015“, *Siðmennt*, bls. 4, 5, 7, 10, sótt 1. febrúar 2021 af <https://www.sidmennt.is/media/ztjfk4jv/1%C3%ADfssko%C3%B0anir-%C3%ADslendinga-k%C3%B6nnun-si%C3%B0menntar-2015.pdf>. „Siðmennt. Lífsskoðanir Íslendinga og trú, febrúar 2020“, *Siðmennt*, bls. 3, 7, 12, 16, sótt 1. febrúar 2021 af <https://www.sidmennt.is/media/mmed3ggw/1%C3%ADfssko%C3%B0anir-%C3%ADslendinga-k%C3%B6nnun-si%C3%B0menntar-2020.pdf>. Athygli vekur að Siðmennt hefur tvívegis á skömmu tímabili látið gera viðamiklar kannanir sem varpa ljósi á trúarlíf landsmanna. Þjóðkirkjan hefur á hinn bóginn ekki sýnt neina viðleitni til að greina stöðu sína eða starfsumhverfi á viðlíka hátt.

⁴ Pál Ketil Botvar, „Kristen tro i Norden. Privatisering og svekkelse av religiøse dogmer“, *Folkkyrkor och religiøs pluralism — den nordiska religiøsa modellen*, ritstjórar Göran Gustafsson og fleiri, Stokkhólmi: Verbum, 2000, bls. 74–96, hér bls. 88–91. Hjalti Hugason, „Að tilheyra án þess að trúa“, *Kirkjublaðið.is*, 10. desember 2020, sótt 1. febrúar 2021 af <https://www.kirkjubladid.is/gestaglugginn/ad-tilheyra-anthess-ad-trua/>.

Þrátt fyrir þær tvísýnu framtíðarhorfur íslensku þjóðkirkjunnar sem hér hefur verið dregið á má vera að þróunin sem uppi er snerti fremur ytra byrði en dýpri lög trúarmenningarinnar. Viðamesta könnun sem gerð hefur verið á trúarlífi landsmanna var lögð fyrir 1986 og voru niðurstöður hennar kynntar fjórum árum síðar. Þá tilheyrðu heil 92 prósent landsmanna þjóðkirkjunni. Ekki er mögulegt að bera niðurstöður þessarar könnunar að öðru leyti beint saman við tölurnar frá 2020. Í eldri könnuninni taldi til að mynda aðeins þriðjungur svarenda sig játa kristna trú. Skilningurinn á hvað í því fælist hefur því verið annar en í síðari könnuninni og samsvarar þessi hópur væntanlega þeim sem játuðu hefðbundna kirkjulega trú 2020. Meira samræmi kemur fram í að á níunda áratugi tuttugustu aldar kváðust 40 prósent trúuð „á sinn eigin persónulega hátt.“⁵ Samræmist það vel hlutfallstölum þeirra sem töldu sig trúuð í yngri könnuninum. Þá þótti könnunin frá níunda áratugnum leiða í ljós að þorri þjóðarinnar iðkaði yfirborðslegt (e. *extrinsic*) trúarlíf og tæki mjög takmarkaðan þátt í starfi kirkjunnar.⁶ Minnihluti þjóðarinnar hefur því líklega átt verulega samleið með þjóðkirkjunni fyrir 30 árum svipað og nú. Samsömun landsmanna með þjóðkirkjunni hefur því tekið mun hægari breytingum en aðild þeirra að henni og virðist raunar hafa verið fremur takmörkuð til langs tíma.⁷

Í þjóðkirkjunni er þróun síðari ára þó litin alvarlegum augum og ber tíðum á góma í umræðum kirkjufólks sem leitar skýringa.⁸ Oft er þá vísað til biskups málsins svokallaða í lok aldarinnar sem leið, er Ólafur Skúlason (biskup 1989–1997) var sakaður um kynferðislega áreitni við hóp kvenna, en einnig ýmis önnur atvik er einstakir fulltrúar kirkjunnar hafa verið bornir ávirðingum eða eru taldir hafa brugðist trausti. Loks eru spenna, átök og deilur einkum í prestastétt tilfærðar í þessu sambandi.⁹ Því kemur ekki á

⁵ Björn Björnsson og Pétur Pétursson, *Trúarlíf Íslendinga. Félagssfræðileg könnun*, Ritroð Guðfræðistofnunar 3, Reykjavík: Háskóli Íslands, 1990, bls. 8, 204, 226.

⁶ Sama heimild, bls. 227.

⁷ Hjalti Hugason, „... úti á þekju þjóðlífsins“. Samband þjóðkirkju og þjóðar við upphaf 20. aldar“, *Glíman* sérrit 2/2010, bls. 97–125.

⁸ Hér er vísað til umræðu sem höfundur hefur oft verið vitni að og/eða tekið þátt í á ýmiss konar fundum og samkomum. Lítið hefur verið fjallað um vandann í rituðu máli.

⁹ Áhugavert er að deilur presta skuli álitnar vera áhrifavaldur í þessu sambandi þar sem skautun í prestastétt hefur verið mun minni síðustu áratugi en var til að mynda á tímabilinu 1900 til um 1960 en þá stóðu yfir mikil átök ólíkra guðfræðistefna. Hlutfall þeirra sem tilheyra þjóðkirkjunni lækkaði óvenjuhratt á tímabilinu 2005–2007 eða um rúm fimm prósentustig. Þá lækkaði það óvenju mikið eða um 1,5% 2010. Umræður um hjónaband samkynhneigðra stóðu sem hæst á tímabilinu og gæti það

óvart að kirkjufólk lítur oft svo á að hrakandi staða þjóðkirkjunnar í samfélaginu stafi af óánægju með kirkjustofnunina á landsvísu og/eða yfirstjórn kirkjunnar en að hún beinist ekki að starfi kirkjunnar í héraði, það er úti í sóknum og prestaköllum landsins. Ekki liggja fyrir neinar kannanir sem styðja þetta álit. Biskups málið og átök í prestastéttinni eru að sönnu líklegri til að vekja gagnrýni í garð kirkjustofnunarinnar og yfirstjórnar hennar en kirkjustarfs í söfnuðum landsins. Svo þarf þó ekki að vera þegar einstakir prestar eru bornir sökum. Þá ber þess að gæta að sóknir kirkjunnar eru margar og ólíkar. Ekki er raunhæft að ganga út frá að í þeim öllum ríki eintóm ánægja með starfið og þjónustuna eða í þeim komi ekki upp aðstæður sem hafa áhrif á tengsl fólks við kirkjuna til hins verra. Þau skýru skil sem gengið er út frá milli kirkjustofnunarinnar og kirkjunnar í héraði kunna því að fela í sér einföldun og að einhverju leyti skýrast af viðleitni þeirra sem starfa úti í sóknunum til að vísa frá sér ábyrgð. Liggur kirkjustjórnin þá vel við höggi. Átök, deilur og persónulegar ávirðingar eru vissulega líklegar til að valda tímabundnum uppsveiflum ekki síst hvað tíðni úrsagna úr þjóðkirkjunni áhrærir. Þær eru á hinn bóginn síður til þess fallnar að varpa ljósi á hægðengari og stöðugri breytingar.

Í þessari grein verður leitað annarra og almennari skýringa á hrakandi stöðu þjóðkirkjunnar en að framan getur. Í stað þess að vísa til einstakra skýrt tímasetjanlegra atburða og/eða persóna og ávirðinga þeirra verður horft til breyttrar þjóðfélagsgerðar sem og breyttra hlutverka kirkjunnar og embættismanna hennar í samfélaginu. Gengið verður út frá þeim skilningi að sú breytta staða kirkjunnar í samfélaginu sem kemur ekki síst fram í hratt fallandi hlutfallstölu þeirra sem tilheyra þjóðkirkjunni stafi öðru fremur af samfélagsbreytingum til langs tíma sem þjóðkirkjunni, arftaka meirihluta-kirkjunnar í landinu — kaþólsku miðaldakirkjunnar fyrir siðaskipti en síðar lúthersku ríkiskirkjunnar í löndum Danakonungs — hafi ekki heppnast að taka þátt í. Af þeim sökum hafi verulegt misgengi myndast milli hennar og samfélagsins sem skýri að mestu hve hratt breytingarnar ganga nú fyrir sig.

hafa valdið einhverju um lækkunina. Þó þarf það ekki að hafa stafað af átökum málið. Seinagangur og ráðaleysi gæti og hafa valdið miklu. Ef svo hefur verið hefur óánægja með það beinst að kirkjustofnuninni og yfirstjórn hennar. Mest hefur hlutfallið í þjóðkirkjunni þó lækkað síðustu árin en á tímabilinu 2014–2020 féll það um rúm 11 prósentustig. Torvelt virðist að benda á sértækar kirkjulegar skýringar á þróuninni á þeim tíma. „Mannfjöldi eftir trú og lífsskoðunarfélögum 1998–2020“, *Hagstofa Íslands*, sótt 1. febrúar 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__5_trufelog/MAN10001.px/table/tableViewLayout/1/?rxid=6bd0ee91-d9d7-43b4-a5d2-9ea69d533ca8.

Fyrr á tímum var kirkjan meginstöð samfélagslegra innviða og starf hennar samofið samfélagslífinu á flestum sviðum þess. Svo er ekki lengur. Nú er formlegt hlutverk hennar mun afmarkaðra og sértækara. Misgengið stafar meðal annars af því að í kirkjunni búa ýmiss konar hefðir og venjur að trúarlegri, guðfræðilegri og sögulegri helgi og njóta þar sterkari stöðu en á flestum sviðum öðrum í samfélaginu. Fjölmargt í stofnunargerð og sjálfskilningi þjóðkirkjunnar mótast því enn í dag af aldagömlum aðstæðum en á ýmsum sviðum má greina hliðstæður og langtímasamhengi í sögu kirkjunnar sem nær allt fram til síðustu tíma og varpar ljósi á nútímaaðstæður. Hér verður sérstaklega litið svo á að íslenska þjóðkirkjan hafi allt fram undir þetta verið stofnunar-, „sveita-“, og prestakirkja og skýri það að verulegu leyti framandleika hennar í nútímasamfélagi. Til að undirbygga þessa skýringu verður stiklað á stóru um sögu íslensku kirkjunnar frá öndverðu og fram á þennan dag og þar með leitast við að varpa ljósi á ríkjandi aðstæður í kirkjunni.

Tvenns konar skýringar

Fyrrgreindar tilraunir þjóðkirkjufólks til að skýra hrakandi stöðu kirkjunnar eru persónu- og atburðahverfar. Í því eiga þær sammerkt með þeim söguskilningi sem löngum hefur verið ríkjandi meðal þjóðarinnar og jafnvel í menntakerfinu þótt hann hafi fyrir nokkrum áratugum vikið fyrir félagslegri áherslum í fræðilegum sögurannsóknum og -ritum. Hér er litið svo á að fastheldni við gamlan söguskilning torveldi kirkjufólki að skilja og skýra þá þróun sem uppi er varðandi breytta stöðu þjóðkirkjunnar og beini athyglinni frá þungvægari ástæðum. Þetta er einkum bagalegt þar sem líklegt er að kirkjan bregðist ekki við þróuninni á raunhæfan og markvissan máta. Hér er litið svo á að frjórri sé að leita skýringa á hrakandi stöðu þjóðkirkjunnar í samfélaginu með hjálp samfélagshverfari söguskilnings líkum þeim sem almennt er gengið út frá í nútímasagnfræði. Út frá því sjónarhorni er skýringanna einkum að leita í breyttri þjóðfélagsgerð, fastheldni hvað varðar stofnunargerð þjóðkirkjunnar og ekki síst fækkandi formlegum hlutverkum hennar í samfélaginu.

Á síðari tímum, einkum á fyrstu áratugum tuttugustu aldar og svo í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar, urðu sem kunnugt er stórfelldari breytingar á íslenska samfélaginu en orðið höfðu í margar aldir þar á undan. Í stað sveitasamfélags í hægfara breytingaferli sem auk þess einkenndist af fámenni, dreifbýli, fábreyttum atvinnuháttum, lítilli tæknivæðingu, einföldum innviðum og takmarkaðri sérhæfingu er nú komið margbrotið þéttbýlissam-

félag í örum breytingum með þéttriðið net innviða sem kallar á öra endurskoðun á verkaskiptingu og hlutverkum bæði einstakra samfélagsstofnana og starfsstétta. Helstu afleiðingum þessarar breytingar á kirkjulega sviðinu hefur verið lýst svo að þróunin hafi legið frá „trúarmenningu til trúarsannfæringar“.¹⁰ En sú breyting er viðamikill þáttur í nútímavæðingu vestræna samfélaga og hefur kallað fram trúarsögulegar aðstæður af sérstöku tagi sem ekki síst eru taldar einkenna Norðurlönd. Með trúarmenningu er þá átt við samfélagsaðstæður sem einkenndust af því að menningarmótun kirkjunnar var víðtæk og óumdeild og að merki trúarinnar voru hvarvetna sýnileg á yfirborði samfélagsins. Trúarlíf og annir daglegs lífs ófust og saman á margvíslegan máta auk þess sem kirkjan gegndi margþættum og mikilvægum hlutverkum á fjölmörgum sviðum samfélagsins auk þess sem nú á dögum er litið á sem trúarlegt svið.¹¹

Hefðbundnar túlkanir á trúarsögulegum afleiðingum nútímavæðingar er að þar vegi sekularisering eða afhelgun hvað þyngst. Hún felst í að áhrifasvæði kirkjunnar og/eða „hins trúarlega“ þrengist og aðgreinist frá öðrum sviðum samfélags og menningar og leysi það upp hina hefðbundnu trúarmenningu. Á síðari áratugum hafa viðhorf breyst í þessu efni og áhersla verið lögð á að afhelgunin þróist mishratt og á mismunandi vegu eftir því hvort um samfélagið, trúarstofnunina (kirkjur og trúfélög) eða hugarheim einstaklinga er að ræða. Nútímavæðingin er því margbrotnari en löngum hefur verið látið að liggja og nú er litið svo á að vaxandi trúarleg einstaklingshyggja, sem hér framar var nefnd „trúarsannfæring“, hafi vegið þungt við hlið sekulariseringarinnar auk fjölhyggju þar sem aðstæður bjóða upp á mismunandi túlkunarramma sem sóttir eru til ólíkra kirkjudeilda eða trúarbragða. Löngum var talið að veraldarvæðing af þessu tagi hafi gengið mun lengra á Norðurlöndum en annars staðar og kallað fram sérstakar trúarsögulegar aðstæður sem einkennast af sterkri veraldarhyggju. Í seinni tíð hefur verið dregin upp fínkembdari mynd. Nú er litið svo á að á Norðurlöndum gæti tiltölulega mikillar trúarlegrar einstaklings- og skynsemishyggju en þó takmarkaðrar fjölhyggju, að prestastéttin hafi sterka stöðu innan trúarstofnunarinnar, að lítil þátttaka sé í kirkjulegu starfi þótt mikillar fastheldni gæti varðandi kirkjustofnunina sem kemur fram í að Norðurlandabúar eru ólík-

¹⁰ Loftur Guttormsson, *Frá síðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi III, ritstjóri Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 357–359.

¹¹ Nefna má sjóferðabænir og aðrar bænir sem tengdust ferðum eða mikilvægum verkum. Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk Þjóðmenning V*, ritstjóri Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1988, bls. 180–183, 313–314, 336–337.

legir til að skipta um kirkjudeild eða trúarbrögð og/eða taka sér stöðu utan þeirra hvað sem persónulegri sannfæringu líður. Sjálfsmynd Norðurlandabúa virðist enda fela í sér að hinn dæmigerði Norðurlandabúi sé kristinn og jafnvel lútherskur.¹² Hér á landi hófst þróun í þessa veru ekki að marki fyrr en líða tók á nítjándu öld og var það síðar en í nálægum löndum.

Eitt af einkennum trúarmeningarinnar var að til þess var ætlast að almenningur samsamaði sig trúarkenningum og siðalærdómum kirkjunnar auk þess að taka þátt í guðsþjónustu hennar og annarri fyrirskipaðri trúaríðkun. Persónuleg trúarsannfæring og –afstaða einstaklinga hvarf á hinn bóginn í skuggann og trúfrelsi var ekki til staðar enda hefði það rofið þá samstöðu í samfélaginu sem trúarmeningin gekk út á.¹³ Hér var krafan um trúarlega samstöðu fyrst sett fram í kristinrétti forna, öðru nafni Kristinna laga þætti *Grágásar*, en hann hefur að geyma veraldlega löggjöf sem viðtekin var á alþingi. Í honum var kveðið á um skyldur almennings varðandi kristnihald en líka skyldur kirkjunnar eða embættismanna hennar í veraldlega samfélaginu.¹⁴ Má rekja ákvæðin til tímabilsins 1122–1133.¹⁵ Í upphafi þáttarins segir: „Á dögum feðra vorra voru þau lög sett að allir menn skulu kristnir

¹² Þrátt fyrir að Norðurlönd beri sterk sameiginleg einkenni sem greina þau frá til að mynda Bretlandseyjum, löndum sunnan- og austanverðrar Evrópu og BNA gætir ýmissa blæbrigða milli þeirra sem og dreifbýlla og þéttbýlla svæða í einstökum norrænum löndum. Pál Ketil Botvar, „Kristen tro i Norden“, bls. 74–96. Susan Sundback, „Medlemskap i de lutherske kyrkorna i Norden“, *Folkkyrkor och religiös pluralism — den nordiska religiösa modellen*, Stokkhólmi: Verbum, 2000, bls. 34–73. Sjá og Ole Riis, „Den europæiske integrations udfordring til danskernes religiøse identitet“, *Kirken og Europa*, ritstjóri Jakob Balling, Árósum: Aarhus universitetsforlag, 2000, bls. 158–198.

¹³ Sjá Hrafnkell Lárusson, *Ljóræði í mótun. Félagastarf, fjölmiðlun og þátttaka almennings 1874–1915*, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2021, bls. 46. (Óútgefin doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, aðgengileg á vefnum *Opin vísindi*: <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/2475>).

¹⁴ Skyldur presta við samfélagið í upphafi voru einkum að tilkynna á leiðarþingum að hausti hvar fastur dvalarstaður þeirra yrði næsta árið. Þá máttu þeir ekki yfirgefa þetta lögheimili sitt án þess að hafa meðferðis það sem þeir þurftu til að geta veitt neyðarþjónustu. Var þá einkum átt við barnsskírni sem oft gat borið brátt að meðan ungbarnadaudi var mikill. *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Arnason sáu um útgáfuna, Reykjavík: Mál og menning, 1992, bls. 2, 13, 17, 194, 438.

¹⁵ *Grágás*, bls. 34. „Inngangur“, *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Arnason sáu um útgáfuna, Reykjavík: Mál og menning, 1992, bls. ix–xxxiii, hér bls. x–xi. Ákvæðin eru meðal annars varðveitt í handritunum Konungsbók og Staðarhólsbók sem skráð voru á tímabilinu frá um 1250 til um 1270. „Inngangur [*Grágás*]“, bls. xv–xvii, xix.

vera á landi hér og trúa á einn Guð, föður og son og anda helgan.¹⁶ Aftar í þættinum er ákvæðið útfært nánar:

Menn skulu trúa á Guð einn og á helga menn til árnaðarorðs sér, og blóta eigi heiðnar vættir. Þá blótar maður heiðnar vættir er hann sagnar fé sitt öðrum en Guði og helgum mönnum hans. Ef maður blótar heiðnar vættir, og varðar það fjörbaugsgarð, [...].¹⁷

Jafnframt var bannað að fara með galdur, fjölkynngi eða fordæðuskap og hindurvitni.¹⁸ Hér er um skilyrðislausari kröfu að ræða en fram kom í kristni-tökulögnum eins og þeim er lýst í *Íslendingabók* en samkvæmt þeim mátti blóta á laun.¹⁹ Skilgreining hinna lögbundnu trúar tók ýmsum breytingum í tímans rás. Sú róttækasta varð í kjölfar siðaskiptanna þegar játningagrunnur kirkjunnar var skilgreindur í konungalögum Friðriks III (1665) og dönskum lögum Kristjáns V (1683). Eftir það skyldi trúareining samfélagsins hvíla á fornkirkjulegu játningunum þremur, Postullegu trúarjátningunni, Níkeu-játningunni og Aþanasíusarjátningunni auk Ágsborgarjátningarinnar, Fræða Lúthers hinna minni og Ritningarinnar.²⁰ Eru þessi ákvæði enn í gildi hvað þjóðkirkjuna áhrærir.

Á nýöld og þá einkum tímabilinu eftir upplýsinguna og píetismann fluttist áherslan í vestrænum nútímasamfélögum frá samfélagsheildinni og hagsmunum hennar, eins og þeir voru skilgreindir af valdhöfum, yfir á frelsi hinna ýmsu samfélagshópa og loks einstaklinga. Þá varð það mikilvæg krafa að hver og einn væri frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið hér með stjórnarskránni um innanríkismál landsins 1874 er veitti trúfélögum þeirra sem játuðu trú á guð frelsi til að þjóna honum með þeim hætti sem best ætti við sannfæringu hvers og eins.²¹ Ekki var að fullu ljóst fyrr en eftir stjórnarskrárbreytingu 1915 að heimilt væri að standa

¹⁶ *Grágás*, bls. 1.

¹⁷ Sama rit, bls. 19.

¹⁸ Sama rit, sama stað.

¹⁹ Þar var líka gerð undanþága varðandi barnaútburð og hrossakjötsát. „Íslendingabók“, *Íslensk fornrit* I, Jakob Benediktsson gaf út, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968, bls. 3–28, hér bls. 17. *Grágás*, bls. 32, 34, 44.

²⁰ Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi. Inntak og merking trúmálalabálks stjórnarskrárinna ásamt breytingartillögum“, *Ritið* 2/2011, bls. 151–181, hér bls. 156.

²¹ „Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands nr. 1, 5. janúar 1874 (46. gr.)“, *Stjórnarráðið*, sótt 4. febrúar 2021 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetis-raduneyti-media/media/stjornarskra/1874_stjornarskra.pdf.

utan allra trúfélaga.²² Síðar færðist áherslan enn frekar frá trúfélögnum yfir á einstaklingana eins og kemur vel fram í Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hér 1994.²³ Það var því ekki fyrr en á tuttugustu öld sem trúarsannfæring einstaklinganna tók þar með við sem grunnforsenda í trúar-efnum í stað trúarmenningar og samsömunar áður.

Þessi þróun, sem að sönnu tók langan tíma, hafði í för með sér gjörbreytta stöðu þjóðkirkjunnar og mótar mjög þau hlutverk sem hún gegnir nú í samfélaginu. Hið augljósasta er að stofnun sem áður hafði myndað hornstein þeirrar samfélagslegu einingar sem keppt var að og hvíldi á trúarlegum grunni missti þetta sameiningarhlutverk sitt. Samfélagseiningin skyldi eftirleiðis hvíla á veraldlegum, vestrænum gildum, svo sem frelsi, lýðræði, jafnræði og mannréttindum. Þróunin skapaði líka svigrúm fyrir sívaxandi einstaklingshyggju í trúarlegum og menningarlegum efnum. Fjölhyggju gætir á hinn bóginn síður sökum þess hve samtoga samfélagið var allt fram á síðustu áratugi.

Hér er litið svo á að þessi þróun frá trúarmenningu til trúfrelsis og eintaklingshyggju ráði hvað mestu um þá þróun sem tölfræðin í upphafi greinarinnar varpar ljósi á. Einstakar persónur og atburðir sem kirkjulega skýringarlíkanið vísar til hrekkur þar mun skemur til.

Frá stofnunarkirkju til trúfélags

Líta má svo á að samkvæmt kaþólskri kenningu sé kirkjan hjálpræðisstofnun sem miðlar náð Guðs til manna með hjálp sakramenta sinna og embætta en að hún sé fremur trúarsamfélag eða söfnuður að lútherskum skilningi. Hér er þó fremur um mismunandi kirkjuguðfræði (e. *ecclesiology*) að ræða en að munurinn komi endilega fram í stofnunargerð eða starfsháttum einstakra kirkna. Óháð þessum guðfræðilegu túlkunum hefur kirkjan enda tekið á sig ýmsar stofnunarlegar myndir í tímans rás og axlað margháttuð félags- og menningarleg hlutverk þar sem stofnunargerð kirkjunnar hverju sinni hefur oft vegið þyngra en kirkjudeild, kaþólsk eða lúthersk. Siðbótin sem slík markaði til að mynda ekki ótvíræð tímamót hvað varðar stöðu kirkjunnar í íslenska samfélaginu.²⁴ Samfélagsgerðin, réttarstaða kirkjunnar sem

²² „Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands uppfærð með öllum breytingum til og með 1915 (47. gr.)“, *Stjórnarráðið*, sótt 3. maí 2021 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/1915_svo_breytt.pdf.

²³ „Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 (9. gr.)“, *Alþingi*, sótt 4. febrúar 2021 af <https://www.althingi.is/lagas/151a/1994062.html>.

²⁴ Hér er orðið siðbót notað um guðfræðilega gagnrýni Lúthers á miðaldakirkjuna og

og það svigrúm sem hún naut gagnvart veraldlegum valdhöfum — síðar ríkisvaldinu — virðist ekki síður hafa skipt máli varðandi þær breytingar sem þó urðu í kjölfarið.

Um miðja síðustu öld kynnti Björn Karel Þórólfsson áhugavert yfirlit yfir þróun íslensku kirkjunnar með tilliti til réttarstöðu og tengsla við veraldarvaldið. Hann skipti sögunni upp í tímabil goðakirkju í öndverðu, páfakirkju frá lögtöku kristinréttar Árna Þorlákssonar á 13. öld, landskirkju frá siðaskiptum, ríkiskirkju frá miðri átjándu öld og loks þjóðkirkju eftir 1874.²⁵ Áþekk tímabilaskipting hefur vissulega oft verið viðhöfð þótt önnur heiti hafi verið notuð.²⁶ Mörgum hefur þó yfirsést skeið landskirkjunnar og álitnið að hér hafi ríkiskirkja komist á strax með siðaskiptunum.²⁷ Á tímabilinu frá miðri sextándu öld til miðrar átjándu aldar hélt íslenska kirkjan samt umtalsverðu frjálsræði enda hafði danska ríkið enn ekki náð að innlima landið að fullu í stjórnkerfi sitt. Þrátt fyrir að brýnustu breytingar væru að sönnu gerðar á kirkju og kristnihaldi við lögfestingu kirkjuskipunar Kristjáns III hélst líka umtalsvert samhengi við miðaldakristnina að ýmsu leyti.²⁸ Réttlætir þetta að rætt sé um sérstakt tímabil landskirkju.

Þessi stofnunarsögulegu tímabil endurspeglar tæpast breytingar hvað hlutverk kirkjunnar áhrærir. Veldur þar miklu um hve stöðug samfélagsgerðin í landinu var. Þá skiptir máli að allt frá tilkomu páfakirkjunnar fram yfir setningu stjórnarskrárinnar 1874 var kirkjan fyrst og fremst stofnun sem starfaði í vaxandi tengslum við alþjóðlegu miðaldakirkjuna um daga „páfakirkjunnar“ en í auknum tengslum við sívaxandi ríkisvald eftir siðaskipti uns einveldi komst á eftir miðja sautjándu öld. Í kjölfar þess að þjóðkirkja komst hér á hófst á hinn bóginn hægfara umbreytingarferli er kirkjan tók í vaxandi mæli á sig mynd trúfélags. Um svipað leyti hófst svo nútímavæðing

þær breytingar sem hann beitti sér fyrir í kirkjunni og miðuðu meðal annars að því að jafna stöðu leikra og lærðra.

²⁵ Björn Karel Þórólfsson, „Inngangur“, *Biskupsskjalasafn*, Skrár Þjóðskjalasafns III, Reykjavík: [án útg.], 1956, bls. 7–76, hér bls. 66–68.

²⁶ Goðakirkjan hefur til að mynda verið kölluð landskirkja („Landeskirche“) og höfðingiakirkja. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften II: 524, Frankfurt: Peter Lang, 1986, bls. 253. (Doktorsritgerð). Hjalti Hugason, *Frumkristni og upphaf kirkju*, Kristni á Íslandi I, ritstjóri Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 287.

²⁷ Sjá þó Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 301, 357–358.

²⁸ Sjá Hjalti Hugason, „Hvenær urðum við lúthersk og hvenær hættum við að vera það? Leit að viðmiðum í siðaskiptasögu Íslendinga“, *Ritið* 2/2016, bls. 70–107, hér bls. 100–105. Hjalti Hugason, „Seigfljótandi siðaskipti. Viðhorf og staðalmyndir í siðaskiptarannsóknunum“, *Ritið* 1/2018, bls. 165–197.

samfélagsins. Olli hvort tveggja marghátuðum breytingum á hlutverkum kirkjunnar.

Mikils misgengis gætti í þróun þjóðkirkjunnar í átt frá stofnun til (trú-)félags eftir því hvort um var að ræða kirkjuna á landsvísu, það er yfirstjórn hennar, eða úti í héruðum, í prófastsdæmum, prestaköllum og einkum sóknum. Kann það að valda nokkru um þá spennu sem enn gætir milli þessara tveggja megingreina kirkjunnar og drepið var á í upphafi. Fyrsta skrefið í þessu breytingaferli var stigið með lögum um stjórn safnaðarmála 1880. Samkvæmt þeim átti að kjósa þriggja manna sóknarnefnd í hverjum söfnuði til að veita málefnum hans forstöðu ásamt sóknarpresti. Nefndin átti auk þess að vera prestinum til aðstoðar í að efla góða reglu, siðsemi og friðsemd í söfnuðinum og á heimilum. Þá átti hún að aðstoða við uppfræðslu ungmenna og vera meðhjálpapar prestsins við guðsþjónustuna. Ennfremur var heimilt að hún tæki við fjárráðum safnaðarins og þá einnig umsjón sóknarkirkjunnar. Loks hafði nefndin tillögurétt við val á presti. Auk þess átti að kjósa fulltrúa safnaða til að sitja í héraðsnefnd í hverju prófastsdæmi ásamt prestum og prófasti. Hún átti að útkljá sameiginleg mál sóknanna og fjalla um ýmis almenn kirkjumál á svokölluðum héraðsfundum. Sérstaklega áttu héraðsnefndirnar þó að upplýsa prófast um hvernig prestar og sóknarnefndir ræktu köllun sína og þá einkum uppfræðslu barna.²⁹ Með lögnum var almenningi í fyrsta sinn veitt aðkoma að starfi kirkjunnar þótt sjálfstæð hlutverk sóknarnefnda væru fá til að byrja með. Tveimur árum síðar voru svo samþykkt lög um að söfnuðir gætu óskað eftir að taka við kirkjubyggingum af fyrri forráðamönnum, kirkjueigendum eða prestum á prestssetrum, og annast eftirleiðis fjárhald þeirra, rekstur, viðhald og endurbyggingu.³⁰ Þar með öðluðust íbúar hvernar sóknar í fyrsta sinn sameiginleg réttindi og skyldur gagnvart kirkju sinni umfram það sem sóknarnefndunum var áður falið. 1886 var söfnuðum svo í fyrsta sinn veitt bein aðkoma að vali á prestum og veitingu prestakalla.³¹ Fóru þessi áhrif stigvaxandi uns teknar

²⁹ *Stjórnartíðindi* 1880 A, bls. 28–31 (l. nr. 5/1880). Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin 1845–1943*, Reykjavík: Alþingissögufélag, 1952, bls. 25–26. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 234.

³⁰ *Stjórnartíðindi* 1882 A, bls. 76–79 (l. nr. 13/1882). Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 60.

³¹ Um var að ræða almennar kosningar milli þriggja úr hópi umsækjenda (tveggja væru umsækjendur aðeins þrír) er landshöfðingi hafði valið í samráði við biskup. *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 2–7 (l. nr. 1/1886). Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 39–40. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 236–237.

voru upp almennar prestskosningar sem viðhafðar voru á tímabilinu 1915–1987.³² Þróun hreinræktaðrar kirkjustofnunar í átt að félögum og þá á sviði safnaðanna hófst sem sé á níunda áratugi nítjándu aldar. Tók þá jafnframt að orla á lýðræðisvæðingu í kirkjunni í héraði þótt hægt miðaði lengi framan af.

Á níunda og tíunda áratugi nítjándu aldar voru stofnaðir nokkrir evang-elísk-lútherskir fríkirkjusöfnuðir í landinu. Þeir byggðu í meginatriðum á sama játningagrunni og Þjóðkirkjan en störfuðu á grundvelli laga um utan-Þjóðkirkjumenn frá 1886. Tilkoma þessara safnaða varpaði skýru ljósi á eðli Þjóðkirkjunnar sem stofnunar. Fulltrúar hennar beittu sér til dæmis fyrir að gjaldfrelsi fríkirkjufólks gagnvart Þjóðkirkjunni gildi því aðeins að það hefði sagt sig úr Þjóðkirkju- og í fríkirkjusöfnuð fyrir fardaga ár hvert, þá féll gjaldfrelsi þess niður ef það flutti út fyrir skilgreint starfssvæði fríkirkju-safnaðarins þótt það stæði áfram utan Þjóðkirkju og eins ef fríkirkjusöfnuður naut ekki þjónustu prests eða forstöðumanns er hlotið hafði konungsstaðfestingu jafnvel þótt um tímabundið hlé væri að ræða. Fríkirkjusöfnuðirnir störfuðu aftur á móti á svipuðum grunni og hver önnur frjáls félagasamtök.³³

Upp úr 1890 hófst umræða um að auka þyrfti sjálfstæði Þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu og sjálfræði hennar í eigin málum og þá með þátttöku kjörinna fulltrúa safnaðanna á kirkjuþingi.³⁴ Ekkert miðaði þó í þessa átt fyrr en kirkjuráð var stofnað 1931. Í því sátu biskup auk fjögurra kjörinna fulltrúa, tveggja guðfræðinga sem kosnir voru af prestum og kennurum guðfræðideildar Háskóla Íslands og tveimur „leikum“ fulltrúum kjörnum af héraðsfundum. Hlutverk þess var að vinna að eflingu íslenskrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum Þjóðkirkjunnar. Ákvörðunarvaldi þess voru þó settar þröngar skorður og náði það aðeins til guðsþjónustu og helgisiða.³⁵ 1957 tók svo loks kirkjuþing til starfa. Það tók við hlutverkum

³² *Stjórnartíðindi*, 1987 A:I, bls. 68–71 (l. nr. 44/1987). Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 93–94. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 181–190. Val á prestum og veiting prestakalla hefur reynst flókið úrlausnarefni og tekið örum breytingum síðustu áratugi. Leitast hefur verið við að samræma ólík sjónarmið: köllunarrétt safnaða í lútherskum anda og fagleg viðmið þar sem tekið er tillit til menntunar og reynslu umsækjenda. Þarna takast á guðfræðileg og stofnunarleg eða fagleg sjónarmið.

³³ Byggt á gögnum úr óbirtu rannsóknarverkefni höfundar „Trúfrelsi í framkvæmd 1874–1915“.

³⁴ Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 28–29. Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar Þjóðkirkju á öndverðri 20. öld. Fyrstu tilraunir til að koma á kirkjuþingi á Íslandi“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 31/2010, bls. 73–104.

³⁵ *Stjórnartíðindi* 1931 A, bls. 30–31 (l. nr. 21/1931). Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin*, bls. 113–114. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 296–297.

kirkjuráðs sem varð þá framkvæmdanefnd kirkjuþings sem undirbjó mál sem lögð voru fyrir þingið og aðstoðaði biskup við að framkvæma samþykktir þess.³⁶ Samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar frá 1997 (svokölluðum þjóðkirkjulögum) sem giltu til skamms tíma er kirkjuþing enn sem komið er skipað 29 kjörnum fulltrúum, þar af 17 óvígðum og fer það með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar nema lög kveði á um annað.³⁷ Með kirkjuráði og kirkjuþingi fékk almenningur í þjóðkirkjunni nokkra aðild að yfirstjórn hennar og stefnumörkun. Lýðræðið í kirkjunni á landsvísu er þó hreinræktað fulltrúalýðræði þar sem aðeins lítill minnihluti kirkjufólks, það er fulltrúar í sóknarnefndum, nýtur kosningaréttar við kirkjuþingskosningar.³⁸

Með setningu þjóðkirkjulaganna 1997 urðu loks þau straumhvörf í þróun þjóðkirkjunnar að hún var í fyrsta sinn skilgreind sem trúfélag í lögum.³⁹ Deila má um hvort lögin samræmist þeirri skilgreiningu eða viðhaldi þvert á móti stofnunarlegu eðli kirkjunnar. Með nýjum lögum um þjóðkirkjuna sem öðluðust gildi 1. júlí 2021 er áfram stefnt í átt að trúfélagi með mun einfaldari lagaumgjörð.⁴⁰

Af því sem hér hefur verið rakið er ljóst að þróun þjóðkirkjunnar í átt frá stofnunarkirkju að trúfélagi hófst ekki fyrr en undir lok níttjándu aldar og stendur enn yfir. Allar guðfræðilegar forsendur breytingarinnar hafa þó verið til staðar allt frá siðbót eins og vikið var að í upphafi kaflans.

³⁶ *Stjórnartíðindi* 1957 A, bls. 155–157 (l. nr. 43/1957). Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 291–298. „Starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017 sbr. starfsreglur 1114/2018 (1. gr.)“, *Kirkjan*, sótt 11. febrúar 2021 af <https://kirkjan.is/library/Files/Starfsreglur/Starfsreglur%20um%20kjör%20til%20kirkjuþings%20nr.%201075-2017,%20sbr.%201114-2018.pdf>.

³⁷ Valdi kirkjuþings eru einkum takmörk sett þegar um kenningu, helgisiði og agavald er að ræða. „Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr 78/1997 (20. gr.)“, *Alþingi*, sótt 5. febrúar 2021, af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>.

³⁸ „Starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017 (4. gr.)“, *Kirkjan*, sótt 3. maí 2021 af <https://kirkjan.is/library/Files/Starfsreglur/Starfsreglur%20um%20kjör%20til%20kirkjuþings%20nr.%201075-2017.pdf>.

³⁹ Í 1. mgr. 1. gr. laganna er þjóðkirkjan skilgreind sem „[...] sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lútherskum grunni“. „Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr 78/1997“, *Alþingi*, sótt 5. febrúar 2021 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>.

⁴⁰ „Lög um þjóðkirkjuna“, *Alþingi*, sótt 28. júní 2021 af <https://www.althingi.is/altext/151/s/1806.html>. Frumvarpið skiptist í 13. gr. sem er mikil einföldun miðað við 64. gr. í núgildandi lögum.

Frá „sveitakirkju“ til „þéttbýliskirkju“

Tíðum er torvelt að greina milli hlutverka kirkjunnar annars vegar og presta hennar hins vegar. Í þessari grein verður því ekki leitast við að greina skýrt þar á milli. Það skýrir líka að umfjöllun um presta verður nokkuð fyrirferðarmikil hér á eftir. Í kaþólskum sið stafar samruni presta og kirkju einkum af þeirri miklu sérstöðu sem prestar hafa þar sökum vígslu sinnar og kennivalds. Í lútherskum sið hefur gerð samfélagsins og stofnunargerð kirkjunnar á hinn bóginn vegið þyngra. Heilt yfir breyttu siðskiptin því litlu um stöðu prestanna einkum sökum þess að verulegar samfélagsbreytingar voru ekki hafnar hér á sextánda öld. Olli kyrrstaðan því að prestar héldu sérstöðu sinni í kirkjunni og raunar samfélaginu lengur en siðbótin og lúthersk guðfræði gaf tilefni til.⁴¹ Greinir þróunin hér á landi sig frá því sem gerðist í flestum nálægum löndum þar sem þéttbýlismyndun og aðrar þjóðfélagsbreytingar voru fyrir á ferðinni. Til að varpa ljósi á þetta verður í þessum kafla greint á milli tvenns konar kirkjuafbrigða með tilliti til mismunandi starfshátta sem viðhafðir eru innan hvors um sig. Heitin í yfirskrift kaflans eru því notuð í yfirferðri merkingu. „Sveitakirkja“ á við kirkju sem einkennist af fábreyttum starfsháttum sem mótuðust í sveitasamfélagi fyrri alda. „Þéttbýliskirkja“ lýsir aftur á móti kirkju sem beitir fjölbættum starfsháttum sem taka mið af margbrotnu nútímasamfélagi. Í þessu sambandi skiptir aftur á móti ekki máli hvert ytra starfsumhverfi kirkjunnar er, sveit eða borg.⁴²

Hér á landi starfaði í raun „sveitakirkja“ langt fram eftir tuttugustu öld en starf kirkju af því tagi einskorðaðist við guðsþjónustur á helgum dögum sem prestar önnuðust og helgiathafnir á ævihátíðum einstaklinga og fjölskyldna sem löngum hafa verið nefndar „aukaverk“ presta.⁴³ Auk þess önnuðust prestar margháttað eftirlit einkum í árlegum húsvitjunum sínum.⁴⁴ Eðli máls

⁴¹ Gunnar Kristjánsson, „Marteinn Lúther. Maður orðsins“, *Marteinn Lúther. Úrval rita* I, ritstjórar Arnfríður Guðmundsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson og Sigurjón Árni Eyjólfsson, Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar, Skálholtsútgáfan, 2017, bls. 11–29, hér bls. 15–16.

⁴² Um þróun „þéttbýliskirkjunnar“ á Íslandi sjá Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, „The Making of a City Church. Change in Taxation and Its Effect on Parish Work and the Role of Pastors“, *Nordic Journal of Religion and Society* 2/2017, bls. 153–170.

⁴³ Hjalti Hugason, „Séra Pétur Sigurgeirsson“, *Andvari* LXI/2019, bls. 9–86, hér bls. 9–10.

⁴⁴ Við húsvitjanir var litið eftir trúfræðslu og húsaga á heimilum en einnig almennari atriðum eins og lestrarkunnáttu og heilbrigðisástandi auk þess sem tekið var manntal. Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 289–292. 1880 var aukið við eftirlitshlutverk presta. Auk þess að prófa kunnáttu í lestri og kristnum fræðum áttu

samkvæmt er aftur á móti örðugt að ákvarða að hve miklu leyti sálgæsla var stunduð í íslensku „sveitakirkjunni“.⁴⁵ „Sveitakirkjan“ eða starf hennar fólst því einkum í athöfnum á hátíðum og helgidögum.⁴⁶ Í annan tíma birtist kirkjan nær einvörðungu í guðshúsunum sem voru þó lengi ekki sérhæfð og lokuð í sama mæli og síðar varð.⁴⁷ Aðrir sem komu að starfi kirkjunnar gegndu hlutverkum sínum einkum sem „meðhjálparar“ prestanna.⁴⁸ Um safnaðarstarf í nútímamerkingu var því ekki að ræða í „sveitakirkjunni“.

Þéttbýli myndaðist hér fyrst í Reykjavík og dómkirkjupresturinn þar varð því fyrsti þéttbýlisprestur landsins í bókstaflegum skilningi (frá því um 1800). Af þessu leiðir ekki að „þéttbýliskirkja“ hafi þar með tekið við af „sveitakirkjunni“ í höfuðstaðnum. Á því varð þvert á móti langur dráttur en höfundur þessarar greinar hefur fært rök fyrir að „þéttbýliskirkja“ hafi komist einna fyrst á norður á Akureyri um miðbik tuttugustu aldar.⁴⁹ Einkenni „þéttbýliskirkju“ eru að starfsemi hennar einskorðast ekki við helgihald og „aukaverk“ presta heldur felst það í fjölþættri félagslegri starfsemi.⁵⁰ Hún kom í upphafi einkum fram í félagsstarfi meðal barna og unglunga en líta má svo á að rætur þess liggja í skírnarfæðslu (*katekumenat* úr gr. og lat.) kirkjunnar. Þá hófst og ýmiss konar félags- og menningarstarf meðal fullorðinna sem skoða má sem framhald af boðunarstarfi kirkjunnar eða predikuninni og loks starf meðal aldraðra. Á þeim vettvangi haslaði kirkjan sér völl á sviði félags- og velferðarþjónustu á grundvelli kærleiksþjónustuhlutverks kristinnar kirkju (gr. *diakonia*). Þegar kirkjan með þessum hætti færði út kvíarnar og fjölbreytt safnaðarlíf bættist við helgihaldið einskorðaðist starfið ekki lengur við

prestar nú að kanna kunnáttu barna í skrift og reikningi. *Stjórnartíðindi* 1880 A, bls. 6–9 (l. nr. 2/1880).

⁴⁵ Sjá Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 290.

⁴⁶ Jarðarfari og aðrar athafnir á ævihátíðum fóru tíðum fram í tengslum við almennar guðsþjónustur.

⁴⁷ Porri kirkna var lengi í einkaeigu og notaði eigandinn þær á ýmsan hátt. Þá voru þær stundum notaðar í opinberum tilgangi, það er til þinghalds eða fundarhalda. Eftir að söfnuðir tóku við yfirráðum og eignarhaldi kirkjuhúsanna breyttist þetta. Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 150–158.

⁴⁸ Það átti við um meðhjálpara við guðsþjónustur en einnig hringjara og forsöngvara. Framan af skyldu sóknarnefndir vera prestir til að aðstoðar en báru litla sjálfstæða ábyrgð. Loks höfðu sumir prestar aðstoðarpresta.

⁴⁹ Hjalti Hugason, „Séra Pétur Sigurgeirsson“, bls. 32–44. Kirkja var reist á Akureyri 1862 og fyrsti prestur á Akureyri fékk veitingu 1881. Áður hafði prestssetur verið á Hrafnagili. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófestsdæmi á Íslandi II*, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2019, bls. 417, 421–422.

⁵⁰ Hjalti Hugason, „Séra Pétur Sigurgeirsson“, bls. 10.

helgar og hátíðir heldur tók einnig að eiga sér stað á virkum dögum. Loks hætti kirkjustarfið að rúmast í guðshúsinu einu og þörf varð fyrir aukið rými sem í upphafi var víða mætt með starfi í skólum, félagsheimilum og öðrum hliðstæðum byggingum en síðar í sérstökum safnaðarheimilum. Þá kallaði kirkjustarfið á framlag fleiri en prestanna einna. Fyrst var þörfinni mætt af sjálfboðaliðum sem oft komu úr kven- og bræðrafélögum sem stofnuð höfðu verið í sóknunum. Þessi mannaúður kirkjunnar stóð þó víðast mjög höllum fæti andspænis prestunum sem voru einu launuðu og sérhæfðu starfsmenn kirkjunnar. Síðar var tekið að ráða annað fólk til starfa auk presta og organista sem tekið höfðu við af forsöngvurum í „sveitakirkjunni“. Fyrst komu oftast æskulýðsleiðtogar. Fyrir kom að þeir væru kennaramenntaðir eða hefðu aðra uppeldismenntun sem jafnvel gat verið undir kirkjulegum formerkjum og þá fengin erlendis. Síðar komu djáknar til sögunnar sem hlotið höfðu starfsmenntun erlendis en síðar við guðfræðideild (nú guðfræði- og trúarbragðafræðideild) Háskóla Íslands og vígst til embættis síns.⁵¹ Sú tilhneiging hefur þó verið ríkari hér á landi en víðast annars staðar að ráða helst prestsmentað fólk til hinna nýju starfa í kirkjunni og að vígja það síðar til prests. Þar með hefur prestakirkja viðhaldist hér hvort sem um markaða stefnu hefur verið að ræða eða ekki.⁵² Hefur þetta tafið þróun „þéttbýliskirkju“ í landinu og valdið einhæfni í starfsháttum. Íslenska þjóðkirkjan er því fremur gamaldags miðað við fjölmargar sambærilegar kirkjur.

Meðan „sveita-“ og þéttbýliskirkjan“ vógu enn salt í landinu eða á áttunda áratugi liðinnar aldar starfaði svokölluð starfsháttanefnd á vegum þjóðkirkjunnar (1974–1977) sem lagði fram viðamikla skýrslu og hugmyndir um breytta lagaumgjörð um kirkjuna.⁵³ Í störfum sínum tók nefndin mið af þróun íslenska samfélagsins „[...] frá landbúnaðarsamfélagi sveitanna

⁵¹ Sjá Hjalti Hugason, „Séra Pétur Sigurgeirsson“, bls. 9–74. Í Akureyrarkirkju var rými, „kapella“, í kjallara kirkjunnar sem notað var til safnaðar- og félagsstarfs. Hönnun kirkjunnar var lokið 1938 en hún vígð 1940. Við byggingu Laugarneskirkju í Reykjavík var svo gert ráð fyrir sérstöku rými fyrir safnaðarstarf auk guðspjónusturýmisins. Hönnun var lokið 1941 en kirkjan vígð 1949. Pétur H. Ármannsson, „Akureyrarkirkja. Byggingarsaga kirkjunnar, Lýsing kirkjunnar“, *Kirkjur Íslands* 10, ritstjórar Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og fleiri, 2007, bls. 11–25, hér bls. 15–16, 23. Sami, „Laugarneskirkja. Byggingarsaga kirkjunnar“, *Kirkjur Íslands* 19, ritstjórar Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og fleiri, 2012, bls. 12–21, hér bls. 14, 18.

⁵² Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, *Reforming Pastors. A Study on Reforms and Attempted Reforms in the ELCI with a Focus on the Role of the Pastors*, doktorsritgerð í guðfræði við Háskóla Íslands, 2019, bls. 2–3.

⁵³ *Álit starfsháttanefndar þjóðkirkjunnar*, 1977, bls. 7–12, 132–135. (Fjölrít).

til iðnaðarsamfélags borga og bæja.⁵⁴ Þá vann hún út frá því meginmarkmiði að þjóðkirkjan fengi meira sjálfstæði í starfi, aukið sjálfræði um „[...] skipulag starfsmanna sinna“ og að „leikmannastarf“ kirkjunnar yrði eft og „leikmönnum“, það er óvígðu starfs- og trúnaðarfólki, veitt aukin aðild að ákvarðanatöku í kirkjumálum.⁵⁵ Nefndin var meðvituð um að tillögur hennar lutu fremur að skipulagsmálum en starfsháttum. Þá virðist ljóst að hún hefur tekið mið af þeirri hefðbundnu skoðun að þjóðkirkjan væri fremur „þjóðfélagsstofnun“ en trúfélag.⁵⁶ Breyttur kirkjuskilningur í þá veru varð enda ekki ofan á í opinberri stefnumörkun fyrr en tuttugu árum síðar (sjá framar). Þrátt fyrir áhuga nefndarmanna fyrir að efla starf óvígðra virðast tillögur þeirra um stofnunarlega uppbyggingu að mestu rúmast innan ramma hefðbundinnar prestakirkju. Með þeim tillögum sínum að miða störf einstakra presta við prófastsdæmi en ekki prestaköll, að auka samstarf þeirra sem og að greina á milli „frumþjónustu“ kirkjunnar í öllum sóknum landsins og „sérþjónustu“ sem færi eftir þörf og aðstæðum á hverjum stað stefndi nefndin þó að markvissri þróun þjóðkirkjunnar yfir í „þéttbýliskirkju“.⁵⁷ Tillögurnar höfðu takmörkuð áhrif til skamms tíma. Þó má segja að þær hafi um margt lagt hugmyndagrunn að þeim breytingum sem fram komu undir lok tuttugustu aldar þótt hægt hafi miðað í átt til breyttra starfshátta og aukins samstarfs.

Hér framar var vikið að ýmsum nýjum hlutverkum sem þjóðkirkjan og prestar hennar hafa gengið inn í samtímis breytingu hennar úr hefðbundinni „sveitakirkju“ í nútímalegri „þéttbýliskirkju“. Um svipað leyti og sú breyting gekk yfir hætti þjóðkirkjan að sinna ýmsum gömlum hlutverkum sem hún hafði gegnt um aldir. Flest tengdust þau margháttaðu eftirliti sem hún hafði haft með hendi til dæmis á sviði fræðslumála. Sá reginmunur var á hefðbundnum hlutverkum „sveitakirkjunnar“ og nýjum verkefnum „þéttbýliskirkjunnar“ að gömlu hlutverkin voru almennt formleg og rækt á grundvelli laga eða annarra opinberra fyrirmæla væru þau ekki hluti af hefð eða reglum kirkjunnar sjálfar eins og flest sem að helgihaldi laut. Nýju hlutverkin voru á hinn bóginn sjálftekin og því óformleg. Eins og drepíð var á má þó rekja þau flest til gamalgróinna starfssviða kirkjunnar á vettvangi fræðslu, boðunar og kærleiksþjónustu. Einstaklingsbundið frumkvæði presta og síðar samtaka þeirra réðu líka oft miklu um á hvern hátt kirkjan

⁵⁴ Sama rit, bls. 11.

⁵⁵ Sama rit, bls. 15, 28, 31.

⁵⁶ Sama rit, bls. 132.

⁵⁷ Sama rit, bls. 53–58.

axlaði ný hlutverk og tók upp nýja starfshætti.⁵⁸ Má líta svo á að breytingin hafi ekki verið formgerð fyrir en eftir áratugaþróun er þjóðkirkjan tók upp það kjörorð sem hún starfar nú undir — *Biðjandi, boðandi, þjónandi*.⁵⁹

Eins og fram er komið var þjóðkirkjan hreinræktuð „sveitakirkja“ fram á síðari hluta tuttugustu aldar er starfshættir hennar tóku í vaxandi mæli að mótast af aðstæðum í nútímasamfélagi. Þróunin hefur þó gengið hægt og stafar það ekki síst af tregðu kirkjunnar til að ráða aðra en presta til starfa jafnvel þótt viðkomandi sé að minnsta kosti í upphafi ætluð störf á öðrum sviðum en helgihaldi. Skýrir þetta að nokkru einangrun kirkjunnar í samfélaginu meðan fjölbreyttari starfshættir í blönduðum starfshópum eru líklegir til að auka snertifleti kirkjunnar við umhverfi sitt.

Sambæfing og aðgreining prestastéttarinnar

Hér framar er látið að því liggja að íslensku þjóðkirkjuna megi skoða sem prestakirkju og að það hafi jafnvel valdið stöðnun og einangrað hana í samfélaginu. Með prestakirkju er átt við kirkju þar sem prestar eru einir að störfum líkt og raun var á um daga „sveitakirkjunnar“. Með orðinu er þó líka átt við kirkju þar sem prestar hafa augljós völd eða forskot umfram aðra til áhrifa á sviði kirkjumála án þess að embættisguðfræði viðkomandi kirkju ætli þeim endilega slíka sérstöðu eins og raun er á um flestar lútherskar kirkjur.⁶⁰ Þær leggja að minnsta kosti í orði kveðnu áherslu á svokallaðan almennan prestdóm en í honum felst að allir skírðir einstaklingar skuli vera virkir og bera ábyrgð í kirkjunni. Vegna þess hve hreinræktuð prestakirkja

⁵⁸ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstjóri Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421, hér bls. 353–357. Hjalti Hugason, „Séra Pétur Sigurgeirsson“, bls. 38–40.

⁵⁹ Þetta kjörorð endurspeglast skýrt í *Samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar* til dæmis þar sem segir: „Skipulag þjóðkirkjunnar birtir að hún er líkami Krists og farvegur návistar hans meðal manna. Hún er send til að biðja, boða og þjóna.“ „Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar, II. Grunneining kirkjunnar [án bls.-tals]“, *Kirkjan*, sótt 4. febrúar 2021 af <https://kirkjan.is/library/Files/Adrarheimildir/Samþykktir%20um%20innri%20málefni%20kirkjunnar.pdf>.

⁶⁰ Ekki er augljóst að prestar hafi mikil formleg völd umfram aðra í þjóðkirkjunni. Þeir eru til dæmis innan við helmingur kjörinna fulltrúa á kirkjuþingi. Þegar tekið er tillit til að svo til allir starfsmenn kirkjunnar eru prestar er ljóst að þeir hafa yfirburða áhrifastöðu. Þá blasir við að prestar eru oftast áhrifameiri á kirkjuþingi en óvígðir fulltrúar sem oft kvarta undan áhrifaleysi á þinginu. Þá benda margir á að biskup sé valdamikill í þjóðkirkjunni. Kann þar að valda miklu að mörg verkefni stjórnarráðsins á sviði kirkjumála voru í lok 20. aldar flutt til Biskupsstofu. Auk þess er biskup forseti kirkjuráðs sem fer með viðtækt framkvæmdavald í kirkjunni.

íslenska þjóðkirkjan er verður gerð sérstök grein fyrir langtímaþróun íslensku prestastéttarinnar í þessum kafla og þeim sem á eftir fylgja.

Prestar voru teknir til starfa hér áður en kirkjan varð til sem stofnun. Fyrst í stað höfðu þeir ólíkan bakgrunn og komu bæði úr efstu og neðri lögum samfélagsins. Meðan svo var er tæpast mögulegt að ræða um presta sem samstæðan þjóðfélagsþóp eða stétt.⁶¹ Þá má ætla að prestsvígsla og prestdómur hafi haft mjög mismunandi merkingu eftir því hvort áttu í hlut háeða lágstéttarprestar. Prestar af lágum stigum hafa borið uppi helgihaldið og prestsþjónustuna í skjóli kirkjueigenda sem oft voru prestvígðir eða annars hástéttarprests sem var lausari við og helgaði sig öðrum hlutverkum í kirkjunni og/eða samfélaginu. Lágstéttarprestar hafa þá verið nokkurs konar staðgenglar (lat. *vicarius*) hástéttarprestanna.⁶²

Prestsævi Guðmundar Arasonar góða (1160–1237) varpar skýru ljósi á þetta. Hann var af höfðingjaætt en óskilgetinn og var hann því „barinn til bókar“ og honum fundinn viðunandi staður í kirkjunni. Eftir að hafa þjónað sem þingaprestur á fáeinum stöðum í Skaga- og Eyjafirði var hann kallaður til að verða heimilisprestur eins helsta höfðingja Norðlendinga, Kolbeins Tumasonar (1173–1208) á Víðímýri. Eftir það virðist hann fljótt hafa orðið einn þekktasti helgisíðafræðingur og sálusorgari landsins og varði miklum hluta ársins fjarri brauði sínu.⁶³ Meðan Guðmundur góði rækti prestshlutverk sitt á landvísu hefur ekki verið prestslaust á Víðímýri heldur hefur lágstéttarprestur eða jafnvel -prestar annast þjónustu þar. Guðmundur hafði að sönnu mikla sérstöðu um sína daga og getur tæpast þjónað sem almennt dæmi um hvernig hástéttarprestar ræktu prestshlutverkið. Algengara hefur líklega verið að þeir hafi fremur helgað sig veraldlegum hlutverkum sem fylgdu þeim höfðingjadómi sem þeir voru bornir til. Guðmundur gerði raunar eina tilraun til að ganga inn í slíkt hlutverk.⁶⁴ Nokkur hvörf hafa

⁶¹ Hjalti Hugason, *Frumkristni og upphaf kirkju*, bls. 232–243. Sjá og Orri Vésteinsson, *The Christianisation of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000–1300*, London: University College, 1996, bls. 228–291. (Doktorsritgerð).

⁶² Í slíkum tilvikum hefur verið litið á tekjustofn hástéttarklerksins sem nokkurs konar *praebenda* (lat.) en það orð var viðhaft um brauð sem stóðu straum af embætti háklerka, til dæmis við dómkirkjur, án þess að þeir sinntu þeim sjálfir nema stöku sinnum á ári. Göran Inger, „Prebende“, *Kulturbistoriskt lexikon för nordisk medeltid från vikingatid till reformations tid XIII*, Malmö: Allhems förlag, 1968, bls. 416–420.

⁶³ Hjalti Hugason, „Áfallatengt álagsheilkeni á miðöldum? Ráðgátan Guðmundur Arason í ljósi meðferðarfræða nútímans“, *Skírnir* 186: vor/2012, bls. 98–124, hér bls. 112.

⁶⁴ „Prestssaga Guðmundar góða“, *Sturlunga saga I*, Jón Jóhannesson, Magnús Finn-bogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna, Reykjavík: Sturlunguútgáfan, 1946,

svo orðið í þessu efni í kjölfar þess að erkibiskup í Niðarósi gaf 1190 út fyrirmæli um að ekki mætti vígja goðorðsmenn og þar með sameina prests-embætti og veraldlegt höfðingjahlutverk.⁶⁵ Hefur það væntanlega dregið úr áhuga manna úr hæsta lagi samfélagsins að taka vígslu nema þeir sem eygðu möguleika á biskupsdómi. Eftir það hefur dregið saman með prestum og þeir orðið nær því að gegna sambærilegum hlutverkum óháð félagslegum bakgrunni.

Torvelt er að kanna félagslega samsetningu prestastéttarinnar fyrir en komið er fram undir 1700. Þó hefur hún ætíð verið ósamstæð hvað félagslegum bakgrunni, efnalegri afkomu, menntun og menningu viðkom.⁶⁶ Eftir að prestsfjölskyldur komu til sögunnar eftir siðaskipti hefur stéttin þó í vaxandi mæli tekið að endurnýjast innan frá og þar með orðið samstæðari hvað félagslegan bakgrunn áhrærði. Þetta gerðist með því að prestssynir og/eða dóttur- og sonarsynir presta urðu öðrum fremur prestar. Á fyrrgreindum tíma voru tæpir 2/3 þjónandi sóknarpresta prestssynir og er þá ekki tekið tillit til þeirra sem voru á annan hátt af prestaættum.⁶⁷ Félagslegur uppruni þeirra sem vígðust til prests á fyrri hluta nítjándu aldar var aftur á móti þannig að um 57 prósent voru prestssynir en prestar voru þá um tvö prósent þjóðarinnar. Um fjórðungur var aftur á móti bændasynir.⁶⁸ Bakgrunnur presta varð svo að nýju fjölskrúðugri eftir að landspróf var komið á (1946) en eftir það tóku fleiri en börn embættis- og menntamanna að öðlast langskólamenntun.

Um miðja nítjándu öld tók þróun samfelldrar prestastéttar kipp í ýmsu tilliti. 1847 var Prestaskólinn stofnaður í Reykjavík.⁶⁹ Eftir það dró hratt saman með prestum hvað menntun áhrærði. Fyrir daga Prestaskólans mátti

bls. 116–159, hér bls. 130–131.

⁶⁵ Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, Kristni á Íslandi II, ritstjóri Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 42.

⁶⁶ Christina Folke Ax, „Íslensku prestarnir og bréf þeirra til landsnefndarinnar 1770–1771“, *Landsnefndin fyrri 1770–1771* II, ritstjórar Hrefna Róbertsdóttir, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, Ríkisskjalasafn Danmerkur, Sögufélag, 2016, bls. 21–38, hér bls. 23, 29.

⁶⁷ Hjalti Hugason, „Sóknarprestar á Íslandi um aldamótin 1700. Félagssöguleg forkönnun“, *Ritvöld Guðfræðistofnunar* 28/2009, bls. 82–113, hér bls. 100–103.

⁶⁸ Hjalti Hugason, *Bessastadaskolan. Ett försök till prästskola på Island 1805–1845*, Skrifter utgivna av Svenska kyrkohistoriska föreningen II ny följd, Uppsölum: Uppsala universitet, 1983, bls. 24, 100–103. (Doktorsritgerð).

⁶⁹ Um þróun, stöðu og hlutverk prestastéttarinnar frá um 1830 sjá Pétur Pétursson, *Church and Social Change. A Studie of the Secularization Process in Iceland 1830–1930*, Lundi: Plus Ultra, 1983, bls. 52–79. (Doktorsritgerð).

finna lærðustu menn landsins í röðum presta en á hverjum tíma höfðu fáeinir þeirra dvalið árum saman við erlenda háskóla en þó aðeins Kaupmannahafnarháskóla eftir siðaskipti. Fyrir tilkomu Prestaskólans nægði brottfararpróf úr latínuskóla þó til embættisgengis í íslensku kirkjunni og flestir prestar höfðu ekki hlotið frekari menntun. Prófinu var jafnvel hægt að ljúka utanskóla fram um 1830 eftir einkakennslu sem oft var mögulegt að öðlast í heimahéraði.⁷⁰ Þess voru raunar mörg dæmi að menn sem hlotið höfðu slíka menntun staðnæmdust í bændastétt.⁷¹ Uppistaðan í tekjum þeirra kom einnig af búunum sem þeir ráku á prestssetrum eða öðrum ábýlisjörðum sínum. Tekjur presta voru því misháar. Menntun og menning presta langt fram á nítjándu öld þurfti því ekki að greina þá svo mjög frá bændastéttinni. Efnalega skáru þeir prestar sem verr voru settir sig heldur ekki frá bændastéttinni. Hárfín lína greindi þó presta jafnan frá sóknarbörnunum og munaði þar mest um hlutverk þeirra.⁷² Gilti það vissulega einkum um tekjuhærri presta sem gátu helgað sig prestshlutverkinu en þurftu ekki að ganga að almennum bústörfum að staðaldri.⁷³ Öllum prestum bar þó að vera fyrirmynd annarra, leiðbeina fólki í siðferðislegum eignum og áminna þá sem brutu af sér á því sviði. Einnig var þess vænst að þeir gætu veitt leiðsögn um bústjórn og annað sem til framfara horfði.⁷⁴ Olli það því að mörgum prestum var sérstaklega umhugað um ýmis framfaramál samfélagsins.⁷⁵ Slæm kjör slæfðu þó

⁷⁰ Um 1700 höfðu um 57% þjónandi presta í Skálholtsbiskupsdæmi lokið prófi frá stólsskóla (hæsta menntun) en rúm 65% í Hólabiskupsdæmi. Um 40% höfðu hlotið sambærilega menntun með einkakennslu í Skálholtsbiskupsdæmi en um 34% fyrir norðan. 27 prestar höfðu þá numið lengur eða skemur við Kaupmannahafnarháskóla. Á fyrri hluta 19. aldar var landið eitt biskupsdæmi. Af þeim sem vígðust á tímabilinu 1805–1846 höfðu um 60% lokið latínuskólanámi (hæsta menntun), rúm 28% hlotið einkakennslu og rúm 11% numið lengur eða skemur við Hafnarháskóla. Hjalti Hugason, *Bessastadaskolan*, bls. 87, 94–100. Hjalti Hugason, „Sóknarprestar á Íslandi um aldamótin 1700“, bls. 103–107. Christina Folke Ax, „Íslensku prestarnir“, bls. 24, 25, 37.

⁷¹ Þeir sem ekki tóku vígslu strax að menntun lokinni en vildu halda embættisgengi urðu að halda því við með að leysa af hendi skrifleg verkefni sem þeim voru send á latínu. Á árunum 1805–1846 tóku á bilinu 42–71 þátt í slíku prófi. 1824 var þriðjungur þeirra í bændastétt. Hjalti Hugason, *Bessastadaskolan*, bls. 88–89. Sjá Hrafnkell Lárússon, *Lýðræði í mótun*, bls. 46.

⁷² Christina Folke Ax, „Íslensku prestarnir“, bls. 30, 37. Arnljótur Ólafsson, „Um prestamálið“, *Norðlingur*, 16. maí 1878, bls. 217–219.

⁷³ Christina Folke Ax, „Íslensku prestarnir“, bls. 32–33.

⁷⁴ Sama rit, bls. 21, 37. Sjá Hrafnkell Lárússon, *Lýðræði í mótun*, bls. 46.

⁷⁵ Christina Folke Ax, „Íslensku prestarnir“, bls. 31.

áhrifamátt margra presta í þessu efni.⁷⁶ 1907 var launakerfi presta loks breytt en þá voru þeir settir á fast tiltekin árslaun úr prestlaunasjóði og síðar ríkissjóði.⁷⁷ Áfram voru tekjur presta þó mismunandi eftir því hvort þeir gegndu rýrum eða „feitum“ prestaköllum og réðst munurinn að mestu af gæðum prestsseturs sem fylgdi flestum brauðum. Á tuttugustu öld varð stéttin loks samstæður hópur háskólamenntaðra embættismanna í þjónustu hins opinbera. Prestar urðu þar með í vaxandi mæli hvítflibbamenn. Um leið varð stéttin sérhæfðari hvað hlutverk áhrærði og hefur hvort tveggja gert línuna sem greindi prestastéttina frá öðrum greinilegri.

Breytileg hlutverk klerka og kirkju

Vegna fábreyttra innviða í íslenska samfélaginu á trúarbragðaskiptatímanum tók kirkjan snemma að gegna ýmsum samfélagshlutverkum sem lágu fjarri trúarlega sviðinu. Breytir þá litlu hvort gengið er út frá nútímaskilgreiningu eða þeim skilningi sem ætla má að hafi gilt um mörk veraldlegra og trúarlegra mála þegar þau voru önnur og ógleggri. Kirkjan gegndi til að mynda mikilvægu hlutverki í stjórnskipan landsins. Biskupar áttu sæti á miðpalli í lögréttu ásamt lögsögumanni og 12 goðum úr hverjum fjórðungi en þeir skyldu ráða „lögum og lofum“ á þinginu.⁷⁸ Í lögréttu voru, eins og nafnið bendir til, lög rétt og nýmæli gerð. Að nútímaskilningi fór hún því með löggjafarvald í samfélaginu og var þar með meginstoð stjórnskipanarinnar.⁷⁹ Gátu atkvæði biskupa jafnvel ráðið úrslitum ef ágreiningur varð um val lögsögumanns.⁸⁰ Þá áttu biskupar og þar með kirkjan að koma að nokkrum veraldlegum málum sem leysa mátti með gerðardómi biskups utan þings. Var þar einkum um að ræða framfærslu fólks sem ekki gat séð sér farborða á eigin spýtur.⁸¹ Þar var sem sé um velferðarmál að ræða að nútímaskilningi. Eru þá ónefndir málaflokkar sem beinlínis heyrðu undir kirkjuna eins og til að mynda hjúskaparmál.

Kirkjan gegndi líka mikilvægu hlutverki á sviðum þar sem stöðlun og samræming var mikilvæg.⁸² Meðan lög voru varðveitt á handrituðum laga-

⁷⁶ Sama rit, bls. 21, 26, 29.

⁷⁷ Tekjumunur hélst þó vegna sóknartekna (gjalda frá sóknarbörnum) og tekna er prestar höfðu af prestssetrum og ef til vill öðrum kirkjujörðum.

⁷⁸ *Grágás*, bls. 464.

⁷⁹ „Inngangur [Grágás]“, bls. xxi.

⁸⁰ *Grágás*, bls. 459.

⁸¹ Sama rit, bls. 105, 186.

⁸² Hjalti Hugason, *Frumkristni og upphaf kirkju*, bls. 359–367.

skrá m gætti til dæmis oft ósamræmis sem ýtti undir réttaróvissu. Þessum vanda var mætt í Lögréttuþætti *Grágásar* á eftirfarandi hátt:

[...] það skulu lög vera á landi hér sem á skrá m standa. En ef skrá m skilur á, og skal það hafa er stendur á skrá m þeim er biskupar eigu. Nú skilur enn þeirra skrá m á, þá skal sú hafa sitt mál er lengra segir þeim orðum er máli skipta með mönnum. En ef þær segja jafnlangt, og þó sitt hvort, þá skal sú hafa sitt mál er í Skálaholti er.⁸³

Er kirkja var komin á traustan grunn í landinu hafði hún einnig á að skipa ýmiss konar kirkjulegum stofnunum sem hver um sig annaðist ýmis samfélagshlutverk auk þess kirkjulega tilgangs sem þeim var ætlað að þjóna. Er hér átt við biskupsstólana, klaustrin, prestssetrin og sóknarkirkjurnar auk kristbúa og skyldra stofnana. Við biskupsstólana og klaustrin fór fram kennsla og menntastarf sem einnig gat farið fram á prestssetrum. Á biskupsstólunum, í klaustrunum og á kristbúunum var stundað líknarstarf sem nú á dögum mætti nefna velferðarþjónustu. Auk þess var svo ástunduð umönnun og jafnvel lækningar í klaustrunum.⁸⁴ Kirkjan kom þannig að málaflokkum sem nú til dags væru kölluð mennta-, félags-, velferðar- og heilbrigðismál auk trúmálanna. Misjafnt var hve veigamikil hlutverk kirkjunnar voru á hverju þessara sviða og hve lengi hún gegndi þeim. Lengst voru mennta- og kirkjumálin samofin eða allt fram á tuttugustu öld. Hinir málaflokkarnir greindust fyrr frá kirkjumálunum.

Fyrstu formlegu kröfurnar sem gerðar voru um afstæða eða bóklega kunnáttu hér á landi og þar með fyrsta vísi að námskrá má finna þegar í Kristinna laga þætti *Grágásar* þar sem krafist var að fólk kynni Faðir vorið, Postullegu trúarjátninguna sem og það sem hafa þurfti yfir þegar börn voru

⁸³ *Grágás*, bls. 463. Hér skiptir máli hvers eðlis *Grágás* var, það er hvort hún var lögbók í nútímaskilningi eða sundurleitara safna réttarheimilda. Nú mun almennt vera litið svo á að hún hafi orðið til án atbeina „lögjafarvalds“ og ekki hlotið löggildingu heldur verið eitt af mörgum lagasöfnum sem til voru og gátu verið misýtarleg. Þá þurfa öll ákvæði hennar ekki að hafa verið í gildi á sama tíma. „Inngangur [Grágás]“, bls. xxiii–xxiv. Sjá *Grágás*, bls. 463. Þetta dregur ekki úr mikilvægi hennar sem réttarheimildar.

⁸⁴ Sjá Steinunn Kristjánsdóttir, *Sagan af klaustrinu á Skriðu*, Reykjavík: Sögufélag, 2012, bls. 195–247, 327–333. Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum. Klausturbald á Íslandi í fimm aldir*, Reykjavík: Sögufélag, Þjóðminjasafn Íslands, 2017, bls. 46, 48, 478. Loftur Guttormsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Siðaskipti og fátækraframfærsla. Athugasgreinar í tilefni af nýlegum útleggingum“, *Saga* LII: 1/2014, bls. 119–143.

skírð skemmri skírn í neyðartilvikum.⁸⁵ Var þetta uppistaða í formlegri alþýðufræðslu út miðaldir þótt smám saman hafi verið aukið við þetta lágmark. Eftir siðaskipti tók svokölluð kverfræðsla við sem fyrst í stað byggði á *Fræðum Lúthers hinum minni* (1529) en auk fyrrgreinds efnis var þar að finna boðorðin tíu, auk texta sem lutu að skriftum og kvöldmáltíð.⁸⁶ Fræðslan var veitt á heimilum undir eftirliti presta sem fór fram við fyrstu altarisgöngu í kaþólskum sið en húsvitjanir og fermingu í lútherskum.

Utan um þessa skírnarfræðslu kirkjunnar byggðist svo frekari menntun alþýðu og kom þar lestrarkennsla fyrst til sögunnar. Um miðja átjándu öld var komið hér á fastmótuðu kerfi kirkjulegrar heimafræðslu þar sem yfirvöld settu viðmiðanir, prestar önnuðust eftirlit en foreldrar eða húsbændur voru ábyrgir fyrir framkvæmdinni. Áskilin var kunnátta í kristnum fræðum og lestri sem átti ekki síst að þjóna trúfræðslunni.⁸⁷ Örla tók á veraldarvæðingu alþýðufræðslunnar er tekið var að krefjast kunnáttu í skrift og reikningi með fræðslulögum 1880.⁸⁸ Þá tók barnafræðslan að verða heimilunum ofviða og stofnun heimangönguskóla í þéttbýli og farskóla í dreifbýli fór í vöxt. Með nýjum fræðslulögum 1907 og stofnun Kennaraskóla Íslands ári síðar urðu fræðslumálin sjálfstæður málaflokkur aðgreindur frá kirkjumálunum og skólakerfi tók að þróast aðskilið frá kirkjunni.⁸⁹ Á þessum tíma gengu ýmsir guðfræðingar og jafnvel prestar til liðs við skólakerfið. Góður fulltrúi þeirra var Magnús Helgason (1857–1940) fyrsti skólastjóri Kennaraskólans en hann hafði bæði verið þjónandi prestur og kennari við Flensborgarskóla.⁹⁰ Óvíst er að hann og aðrir af hans kynslóð sem líkt var ástatt með hafi litið svo á að þeir hafi snúið baki við kirkjunni og hafið veraldleg störf. Allt eins er líklegt að þeir hafi aðeins talið sig breyta um áherslur í samfelldu fræðslustarfi sem mögulegt var að rækja hvort sem var á vettvangi

⁸⁵ Hjalti Hugason, *Frumkristni og upphaf kirkju*, bls. 367–368.

⁸⁶ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 284–289.

⁸⁷ Loftur Guttormsson, „Hefðir og nýbreytni 1880–1907“, *Skólabald í bæ og sveit 1880–1945*, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007 I, ritstjóri Loftur Guttormsson, Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, Háskólaútgáfan, 2008, bls. 21–71, hér bls. 21–31.

⁸⁸ *Sjónmartíðindi* 1880 A, bls. 6–9 (l. nr. 2/1880). Loftur Guttormsson, „Hefðir og nýbreytni“, bls. 31–35. Sjá Hrafnkell Lárusson, *Lýðræði í mótum*, bls. 51–56.

⁸⁹ *Sjónmartíðindi* 1907, bls. 380–397 (l. nr. 59/1907). Loftur Guttormsson, „Sundurleit skólaskipan 1907–1945“, *Skólabald í bæ og sveit 1880–1945*, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007 I, ritstjóri Loftur Guttormsson, Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, Háskólaútgáfan, 2008, bls. 75–159, hér bls. 75–89.

⁹⁰ Björn Magnússon, *Guðfræðingatal 1847–1976*, Reykjavík: Leiftur, 1976, bls. 286–287.

kirkju eða skóla. Með nýjum fræðslulögum 1926 var svo gerð skýrari aðgreining milli kirkju og skóla þar sem kristinfræðikennsla í skólum miðaðist ekki lengur við fermingarfræðslu kirkjunnar með því að greint var á milli biblíusögukennslu er kennarar skyldu annast og kver- eða trúfræðikennslu sem áfram skyldi vera í höndum presta.⁹¹ Eftir þetta verður ekki litið svo á að kirkjan eða prestar hafi gegnt formlegum hlutverkum á sviði fræðslumála þótt margir prestar sætu í skólanefndum, væru prófdómarar eða stunduðu jafnvel kennslu meðfram prestsþjónustu.⁹² Þess ber þó að geta að meðan unglíngaskólar voru fáir bjuggu fjölmargir prestar fleiri eða færri pílta undir nám í latínuskóla og brúuðu þannig bilið milli alþýðufræðslu og langskólánáms. Vegna fermingarfræðslunnar auk eftirlits síns með heimafræðslunni höfðu prestar enda öðrum fremur yfirlit yfir námshæfileika ungmenna í sóknum sínum. Fjölmargir prestar hafa líka verið helstu hvatamenn þess að drengjum væri komið til mennta.⁹³

Bókleg framhaldsmenntun var alfarið á forræði kirkjunnar frá upphafi og að minnsta kosti fram undir aldamótin 1800. Helsta hlutverk hennar var enda að mennta presta. Allt frá því biskupsstólar komust á hefur væntanlega farið fram prestsmenntun í Skálholti og á Hólum en líklega með einhverjum hléum. Óljóst er þó hvenær skólar í nútímamerkingu hafa komist þar á og hve stöðugt starf þeirra var. Við klaustrin hefur ugglaut verið stunduð áþekk kennsla fyrir verðandi klausturfólk (innri skóli) og jafnvel aðra (ytri skóli).⁹⁴ Hliðstæða menntun var svo jafnframt hægt að öðlast með einkakennslu sem margir prestar stóðu fyrir (sjá framar). Með sameiningu stólsskólanna í Hólavallarskóla í Reykjavík og síðar Bessastaðaskóla hófst veraldarvæðing æðri menntunar í landinu sem hélt svo áfram með stofnun Lærða skólans í Reykjavík 1846. Árið eftir tók Prestaskólinn svo til starfa. Eftir það verður tæpast litið svo á að Lærði skólinn hafi verið kirkjuleg stofnun. Því máli

⁹¹ *Stjórnartíðindi* 1926 A, bls. 291–300 (l. nr. 94/1926). Loftur Guttormsson, „Sundurleit skólaskipan“, bls. 110–111.

⁹² Vert er þó að geta þess að ýmsir prestar í dreifbýli önnuðust unglíngakennslu upp á eigin spýtur gegn kennslugjaldi. Einn sá síðasti hefur líklega verið Sigurður Guðmundsson (1920–2010) sem rak unglíngaskóla á Grenjaðarstað í Þingeyjarsýslu flest ár 1944–1966. Björn Magnússon, *Guðfræðingatal 1847–1976*, bls. 359–360. Loftur Guttormsson, „Sundurleit skólaskipan“, bls. 148. Um hlutverk presta á sviði almenningsfræðslu sjá og Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 59–63.

⁹³ Sjá til dæmis Jens V. Hjaltalín, „Sjálfsævisagan“, „*Kátlegur guðsmaður*“. *Sjálfsævisaga séra Jens V. Hjaltalín*, [án útgst.]: Flateyjarútgáfan, 2008, bls. 31–143, hér bls. 33.

⁹⁴ Oft er litið svo á að skólalald hafi hafist snemma og verið stöðugt á biskupsstólunum. Um það er ekki nægileg vitneskja. Orðið skóli er í fornum ritum oft notað um kennslu en merkir nú kennslustofnun. Kann það að auka á óvissuna.

gegndi fremur um Prestaskólann. Frá 1911 hefur Háskóli Íslands annast menntun presta og síðar einnig djákna lengst af án formlegrar aðkomu kirkjunnar þótt um embættis- og/eða starfsmenntun sé að ræða.⁹⁵ Háskólinn var frá upphafi veraldleg stofnun.

Félags- og velferðarmál í sveitasamfélaginu gamla fólust einkum í fátækraframfærslu og síðar einnig barnavernd. Þegar í upphafi byggðar í landinu var tekið að huga að fátækra- eða framfærslumálum og voru þau lengst af að langmestu leyti á forræði hreppa og voru því veraldlegur málaflokkur.⁹⁶ Við hlið hins samfélagslega kerfis lagði kirkjan þó sitt hvað af mörkum á þessu sviði og þá ekki síst á kaþólskum tíma.

Samkvæmt fátækraeðlugerð sem sett var 1834 áttu prestar að vera hreppstjórum til ráðuneytis í fátækramálum og hafa eftirlit með störfum þeirra. Auk þess áttu þeir að kalla alla til ábyrgðar: vel stæða til að ala önn fyrir fátækum skyldmönnum en þá sem með fyrirhyggjuleysi voru taldir hafa komið sjálfum sér í örbirgð til að bæta ráð sitt og verða sjálfbjarga.⁹⁷ Þá áttu prestar og að líta eftir að aðbúnaður niðursetninga væri sómasamlegur og þá ekki síst uppfræðsla barna.⁹⁸ Samkvæmt reglugerðinni skyldu fátækir settir niður „[...] hjá réttisinnuðum húsbændum [...] á sparsamasta hátt [...]“ og hljóta þar „[...] alla nauðþurft [...]“.⁹⁹ Bændur áttu aftur á móti að njóta hagnaðar af þeirri vinnu sem ómagar gátu unnið auk „[...] sannsýnilegs endurgjalds.“¹⁰⁰ Munaðarlaus börn skyldi setja niður hjá húsbændum sem vænta mátti að önnuðust þau „[...] með skynsamlegri umhyggju fyrir þeirra velferð, hvartil það heyrir, að þau njóti tilhlýðilegrar uppfræðingar,

⁹⁵ Í sinni tíð hefur þjóðkirkjan kostað hluta af stöðugildi lektors í kennimannlegum fræðum á grundvelli samstarfssamnings við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Hún hefur þó ekki haft aðkomu að skipan námsins. Þá krefst þjóðkirkjan nú starfsþjálfunar af verðandi prestum og djáknum og annast þann þátt menntunarinnar sjálf án þátttöku GTD.

⁹⁶ Jónas Guðmundsson, „Fátækraframfærslan á Íslandi“, *Félagsmál á Íslandi*, ritstjóri Jón Blöndal, Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið, 1942, bls. 149–182, hér bls. 149–153. Þórður Eyjólfsson, *Alþingi og béradsstjórn*, bls. 5–13. Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi I*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972, bls. 65–66.

⁹⁷ *Lovsamling for Island* 10, bls. 425 (reglem. 8. janúar 1834). Sverrir Kristjánsson, „Tímabilið 1845–1900“, *Alþingi og Félagsmálin*, Reykjavík: Alþingissögufund, 1954, bls. 9–37, hér bls. 10.

⁹⁸ *Lovsamling for Island* 10, bls. 424, 425, 428 (reglem. 8. janúar 1834). Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar I*, bls. 175.

⁹⁹ *Lovsamling for Island* 10, bls. 428 (reglem. 8. janúar 1834).

¹⁰⁰ Sama rit, sama stað.

og að þeim snemma haldist til guðhræðslu, siðlætis og vinnusemi.¹⁰¹ Áttu prestar að hafa sérstakt eftirlit með aðbúnaði þeirra. Áður en tilskipun um hreppsnefndir tók gildi 1872 komu prestar þó einnig að framkvæmd þessara mála að minnsta kosti þar sem hreppstjórar gátu ekki annast þau einir. Samkvæmt tilskipuninni tóku aftur á móti kjörnar hreppsnefndir við fátækramálunum. Prestar önnuðust þó áfram eftirlit með „uppfóstri og uppeldi“ barna og skyldu nefndirnar fara eftir álitu prestsins um málefni þeirra.¹⁰² Reglugerðin frá 1834 um þetta viðkvæma mál var eins og að ofan greinir orðuð á mannúðlegan hátt. Í skjóli hennar var framkvæmdin þó sú að hagsmunir framfærsluveitar vógu oftast þyngra en velferð þeirra sem á hjálp þurftu að halda og var bágstöddum almennt komið fyrir þar sem lægsts endurgjalds var krafist. Stóð svo uns fátækralög frá 1905 öðluðust gildi (1907) en samkvæmt þeim skyldi haga sveitarstyrk þannig að bæði væri gætt hagsmuna fátækrafélagsins (hreppsins) og þarfa og velferðar einstaklinganna (45. gr.). Því mátti ekki halda „[...] undirboð á framfærslu þurfalings“ (46. gr.).¹⁰³

Barnavernd í nútímamerkingu hefur líkt og fátækramálin frá upphafi verið veraldlegt málefni þótt prestar væru lengi kosnir í barnaverndarnefndir í einstökum sveitarfélögum. Þar var þó ekki um embættisskyldu að ræða. Þjóðkirkjan hefur og löngum talist meðal félaga og stofnana sem stuðlað hafa að velferð barna. Prestafélagi Íslands var til dæmis ætlað að tilnefna einn af þremur fulltrúum í barnaverndarráð samkvæmt fyrstu barnaverndarlögunum (1932). Kennarafélag Íslands skyldi tilnefna annan fulltrúa í ráðið.¹⁰⁴ Kirkjan og skólinn voru enda þær stofnanir samfélagsins sem næst stóðu málefnum barna.

Ýmsir prestar beittu sér fyrir velferð barna utan opinbera kerfisins og gættu þá oft mannúðlegri sjónarmiða en þar réðu ferðinni. Tryggvi Hjörleifsson Kvaran (1892–1940) sem þjónaði Mælifelli í Skagafirði frá 1919 er athyglisvert dæmi um það. Fljótlega eftir að hann tók við embætti tóku hann og kona hans, Anna Grímsdóttir Thorarensen (1890–1944), að sér dreng á fyrsta ári. Í framhaldinu gekkst presturinn fyrir því að fimm systkini

¹⁰¹ Sama rit, sama stað.

¹⁰² *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* III, 1875, bls. 394–432 (tilsk. 4. maí 1872). Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar* I, bls. 175, 252. Einstakir prestar komu lengi eftir þetta að sveitarstjórnarmálefnum en þá sem kjörnir fulltrúar eða annars konar trúnaðarmenn en ekki vegna embættisskyldu. Sjá Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 64–65, 69.

¹⁰³ *Stjórnartíðindi* 1905 A, bls. 280 (l. nr. 44/105).

¹⁰⁴ Símon Jóh. Ágústsson, „Barnavernd“, *Félagsmál á Íslandi*, Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið, 1942, bls. 183–198, hér bls. 183–185, 197–198.

hans voru tekin í fóstur á „betri heimili“ sveitarinnar með þeim kjörum að farið væri með þau eins og þau væru börn fósturforeldranna. Blóðforeldrar barnanna sem voru bláfátæk komust eftir þetta vel af með sex börn en hefðu ella þurft að segja sig til sveitar. Nokkrum árum síðar dó bóndi frá ellefu börnum sem ekki beið annað hlutskipti en að vera ráðstafað af hreppsnefnd þannig að sem minnstur kostnaður hlytist af. Við jarðarförina hét Tryggvi á „bestu menn“ sveitarinnar að taka börnin án meðgjafar og reynast þeim sem eigin börnum. Gekk þetta eftir og sjálf tóku Mælifellshjónin þá að sér ellefu ára gamla stúlku.¹⁰⁵ Ástæður prestsins fyrir þessari athafnasemi virðast hafa verið þær að hann taldi ekki „eftirbreytnivert“ að ala börn upp á sveit meðan því fylgdi jafn mikil skömm og raun bar vitni á þessum tíma. Þá leit hann svo á að hjálpssemi af þessu tagi væri eðlilegur ávöxtur kristindómsins.¹⁰⁶ Einnig var sýnilega um að ræða áhrif frá móður Tryggva, Björgu Einaradóttur (1851–1946). Hún ól upp átta fósturbörn að meira eða minna leyti. Þegar hún gekk í hjónaband með Hjörleifi Einarssyni (1831–1910) presti á Undirfelli í Vatnsdal, sér mun eldri ekkjumanni, gerði hún meðal annars að skilyrði að hún mætti taka börn í fóstur eftir því sem hugur hennar stæði til. Hafði hún þá þegar tekið að sér bróðurson sinn.¹⁰⁷ Algengt hefur verið að prestar tækju að sér börn um lengri eða skemmri tíma og jafnvel alið þau upp þótt þeir byggju við kröpp kjör.¹⁰⁸

Fyrsta vísi að stofnunarvæddum lækningum hér á landi er ugglaust að rekja til kirkjulegra stofnana og þá einkum klaustranna. Eftir að örula tók á þróun heilbrigðismála sem veraldlegs málefnis með skipun fyrsta landlæknisins (1760) var formlegri aðkomu kirkju og presta að heilbrigðismálum lokið. Meðan læknaskortur var enn í landinu kom fyrir að prestar sem sérstaklega höfðu lagt sig eftir læknisfræði hlytu lækningaleyfi. Um miðja nítjándu öld höfðu að minnsta kosti tveir prestar á Austurlandi slík leyfi.¹⁰⁹ Þá þurfti og

¹⁰⁵ Drengurinn sem tekinn var í fóstur var Kristmundur Bjarnason (1919–2019) rit höfundur og fræðimaður á Sjáraborg. Til dæmis um jafnfræðið sem hann bjó við er að þegar föstra hans lést fékk hann sama arfshlut og dætur hjónanna en var þó ekki ættleiddur. Kristmundur Bjarnason, *Í barnsminni. Minningaslitur frá bernskuárum*, Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2019, bls. 21–23, 220.

¹⁰⁶ Sama rit, bls. 20–21.

¹⁰⁷ Sama rit, bls. 21, 35–36.

¹⁰⁸ Oscar Clausen, *Við yl minninganna*, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1960, bls. 192, 218–219. Jósef Jónsson, „Minningarorð um séra Jens eftir Jósef Jónsson á Setbergi“, *„Kátlegur guðsmaður“*. *Sjálfsævisaga séra Jens V. Hjaltalín*, [án útgst.]: Flateyjarútgáfan, 2008, bls. 169–170, hér bls. 170.

¹⁰⁹ Sigurjón Jónsson, *Alþingi og heilbrigðismálin*, Reykjavík: Alþingissögunefnd, 1950,

að nýta kunnáttu smáskammtalækna og þeirra sem lagt höfðu sig eftir alþýðlegum lækningum. Við leyfisveitingar þeim til handa skyldi leitað meðmæla sóknarprests og hreppstjóra.¹¹⁰ Auk þess stunduðu ýmsir prestar slíkar lækningar sjálfir. Prestum voru svo falin einstök verkefni á sviði heilbrigðismála. Lengst af nítjándu aldar áttu þeir til að mynda að bólusetja gegn bólusótt en bólusetning var gerð að skilyrði fyrir fermingu í lok aldarinnar.¹¹¹ Framan af tuttugustu öld urðu prestar sérstaklega til sveita auk þess að skrá banamein fólks án þess að læknismenntaður maður hefði gefið út dánarvottorð sem fyrst var tekið að krefjast í kaupstöðum og kauptúnum.¹¹² Hefur það útheimt nokkurrar þekkingar og dómgreindar í sjúkdómsgreiningum.

Allan tímann sem fáum samfélagsstofnunum var til að dreifa og menntun manna var fábreytt, einkum latínuskóla- eða prestsmentun, gegndu kirkjan og prestastéttin flestum þeim hlutverkum sem nú dreifast á margar stofnanir eða heilu samfélagskerfin svo sem á sviði félags- og velferðarmála, heilbrigðis- en einkum þó menntamála eins og sýnt hefur verið. Á fyrstu áratugum tuttugustu aldar var þeim hlutverkum sem prestar og þar með eiginkonur þeirra og heimili gegndu þó tekið að fækka.¹¹³ Þær breytingar tóku samt langan tíma. Matthías Eggertsson (1865–1955), bróður- og fóstursonur Matthíasar Jochumssonar Þjóðskálds, Þjónaði Miðgarðaprestakalli í Grímsey 1895–1937. Við lát hans var hlutverkum hans svo lýst:

Ég efast um, að nokkru sinni hafi prestur á Íslandi haft fleiri og margbreytilegri störf en séra Matthías, sem auk höfuðstarfsins sem prestur var einnig forvígismaður eyjarskeggja í veraldlegum málum, sem oddviti og sýslunefndarmaður, auk þess kennari byggðarlagsins, loftskæptastjóri, bókavörður o. fl. Hann stofnaði barnaskóla þar, búnaðarfélagið og bindindisfélag, [...]. Hann var á sama hátt forystumaður í búnaðarháttum á eyjunni. Hann hafði venjulega 8–9 störf smá og stór auk prestsstarfsins og flest þeirra áratugum samfleytt, eins og t.d. veðurathuganir bæði fyrir vísindastofnun í Kaupmannahöfn og svo fyrir veðurstofuna í Reykjavík. Í

bls. 4. Oscar Clausen, *Sögn og saga. Fróðlegir þættir um ævikjör og aldarfar* II, Reykjavík: Skuggsjá, 1973, bls. 7–53, hér bls. 19–20, 28–29. Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 69–70. Hrafnkell Lárusson, *Lýðræði í mótun*, bls. 46.

¹¹⁰ Sigurjón Jónsson, *Alþingi og heilbrigðismálin*, bls. 27.

¹¹¹ Sama rit, bls. 65.

¹¹² Sama rit, sama stað.

¹¹³ Síðhöttur, „Ferðasögur 12. Vestur til Dala“, *Morgunblaðið*, 24. september 1916, bls. 3–6, hér bls. 4.

öllu þessu var hann studdur af mikilhæfri konu sinni, sem stundaði ljósmóðurstörf og hjálpaði sjúkum.¹¹⁴

Þetta er ekki dæmigerð verklýsing presta þegar komið var fram undir seinna stríð. Í prestakalli sem var jafn sérstaklega sett og Miðgarðaprestakall hafa fleiri verkefni fallið til en víða annars staðar. Veðurathuganir voru ekki gerðar á hverju prestssetri né hefur þar heldur verið loftskeytastöð þótt sums staðar hafi aftur á móti verið símstöð sem prestshjónin önnuðust. Flest hinna hlutverkanna geta hafa fallið mörgum prestum í skaut í meira eða minna mæli. Um aldmótin 1900 var til dæmis nánast regla að prestssetrin væru bréfhfirðingastaðir sóknanna.¹¹⁵ Þá voru mörg dæmi um að prestssetur væru formlegir eða óformlegir samkomustaðir þar sem margs konar félagsstarf fór fram meðal annars í tengslum við guðsþjónustur.¹¹⁶

Í nýsamþykktum lögum um þjóðkirkjuna er kveðið á um hlutverk hennar sem ekki er gert í eldri lögum. Um það segir að þjóðkirkjunni beri að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Þá haldi hún úti ýmiss konar fræðslu og kærleiksþjónustu eftir því sem við verður komið. Auk þess segir að stjórnvöld geti „[...] leitað til þjóðkirkjunnar í störfum sínum telji þau þess þörf.“¹¹⁷ Í því felst að ríkisvaldið getur falið þjóðkirkjunni hlutverk sem ekki er kveðið á um í lögnum til dæmis þegar almannavarnaástand skapast, hópslys verða eða þörf kemur upp fyrir áfallahjálp.¹¹⁸ Af upptalningunni sést að löggjafinn markar þjóðkirkjunni stað á hinu trúarlega sviði hvað hlutverk áhrærir sem og á sviðum þar sem það skarast við velferð og almannaheill án þess að hún beri þar neinar lögbundnar skyldur. Þetta kemur heim og saman við skilgreiningu þjóðkirkjunnar sem trúfélags.

Hér hefur verið leitast við að gera grein fyrir hvernig formlegum hlut-

¹¹⁴ Jón Thorarensen, „Séra Matthías Eggertsson“, *Kirkjuritið* 21: 10/1955, bls. 458–460, hér bls. 459.

¹¹⁵ Hrafnkell Lárusson, *Lýðræði í mótun*, bls. 58.

¹¹⁶ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 251–256. Sjá Gunnar Benediktsson, *Stiklað á stóru. Frá bernsku til brauðleysis*, Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1974, bls. 130–138. Í endurminningum sínum varpar Kristmundur Bjarnason áhugaverðu ljósi á hið flókna félagskerfi sem prestssetur rúmuðu á uppvaxtarárum hans fram undir 1940. Kristmundur Bjarnason, *Í barnsminni*.

¹¹⁷ „Lög um þjóðkirkjuna“, *Alþingi*, sótt 28 júní 2021 af <https://www.althingi.is/altext/151/s/1806.html>.

¹¹⁸ „Frumvarp til laga um þjóðkirkjuna. Um einstakar greinar frumvarpsins [um 3. gr.]“, *Alþingi*, sótt 15. mars 2021 af <https://www.althingi.is/altext/151/s/0996.html>.

verkum kirkju og presta hennar fækkaði í aldanna rás er nýjar samfélagsstofnanir leystu hana af hólmi eftir því sem innviðir samfélagsins urðu fjölþættari. Jafnframt hefur kirkjan sérhæfst og er hún nú fyrst og fremst trúarstofnun — og í vaxandi mæli trúfélag. Ljóst er að þessi þróun hefur í grundvallaratriðum breytt ásýnd kirkjunnar og hlýtur að valda miklu um afstöðu fólks er það er spurt um samleið þess með þjóðkirkjunni eða hvort það kjósi að tilheyra henni áfram. Hér er því fundin ein helsta skýringin á því hvers vegna líta má svo á að staða kirkjunnar sé nú á hverfanda hveli.

Lokaorð

Í greininni var sýnt fram á að frá því upp úr trúarbragðaskiptum og raunar allt fram á nítjándu og tuttugustu öld hafi kirkjan verið burðarstoð í innviðum íslenska samfélagsins. Sinnti hún þá mikilvægum hlutverkum sem síðar færðust yfir til ýmissa annarra samfélagsstofnana og teljast nú sjálfstæðir málaflokkar órafjarlægir hinu trúarlega sviði. Má þar nefna mennta-, félags-, velferðar- og jafnvel heilbrigðismál. Þetta gerðist um leið og samfélagið þróaðist úr einföldu sveitasamfélagi yfir í fjölgreint þéttbýlissamfélag. Það samfélagshlutverk kirkjunnar sem hvað þyngst vóg var þó að standa vörð um hugmyndafræðilega og menningarlega einingu samfélagsins á trúarlegum grundvelli. Því hlutverki gegndi hún allt þar til einstaklingfrelsi og lýðræðisvæðing hófst á síðasta fjórðungi nítjándu aldar í kjölfar þess að þjóðin fékk stjórnarskrá um sérmál sín. Í stað einingarviðleitninnar hefur hugsjón frelsis og fjölmenningar nú rutt sér til rúms. Trúarmenning fyrri tíma hefur og vikið fyrir sívaxandi einstaklingshyggju. Í kjölfarið varð kirkjan sérhæfðari og er nú aðeins ætluð formleg hlutverk á hinu trúarlega sviði en líta má á það sem jaðarsvæði í nútímasamfélagi. Afleiðingar þessarar þróunar er meðal annars að ekki er lengur sjálfsagt að hvert og eitt okkar finni til djúprar samsömunar við þjóðkirkjuna eða velji að tilheyra henni frá vöggu til grafar. Er þarna að leita helstu skýringanna á þeirri nýju stöðu sem þjóðkirkjan hefur hafnað í og hér er lýst svo að hún sé á hverfanda hveli. Hér er aftur á móti litið svo á að ekki sé vænlegt að skýra þróunina með tilvísun til einstakra atburða eða persóna og ávirðinga þeirra eins og oft er gert á kirkjulegum vettvangi. Slík tilvik geta þó vissulega skýrt einstakar sveiflur til dæmis hvað áhrærir úrsagnir úr kirkjunni.

Sú þróun kirkjustofnunarinnar sem gerð hefur verið grein fyrir endurspeglast í sögu prestastéttarinnar sem hér var rakin enda hefur hún gegnt fyrirferðarmiklu hlutverki bæði í kirkjunni og samfélaginu. Áður fyrr var

stéttin ósamstæð hvað menntun, efnahag og menningu áhrærði, stór hluti hennar átti samleið að minnsta kosti með þeim hópi bændna sem betur voru settir og hafði breiðan snertiflöt við mikinn hluta þjóðarinnar. Síðar varð hún samstæð stétt háskólamenntaðra sérfræðinga sem gegnir hlutverkum á afmörkuðu sviði samfélagsins sem orðið er framandi fyrir mörgum og tengist í huga ýmissa einkum fæðingu og dauða og nokkrum öðrum áföngum í lífi einstaklinga eða fjölskyldna gjarna þegar á bjátar.

Sökum þess hve sterkrar trúarlegrar, guðfræðilegrar og sögulegrar helgi siðir, hefðir og venjur af ýmsu tagi njóta í kirkjunni hefur henni ekki tekist sem skyldi að fylgja þróun samfélagsins eftir né heldur að laga sjálfskilning sinn og stofnunarmenningu að nýjum aðstæðum. Þegar íslenska þjóðkirkjan mætti nútímanum fyrir alvöru um miðbik tuttugustu aldar var hún því svo til hreinræktuð stofnunar-, „sveita-“ og prestakirkja af því tagi sem hér hafði starfað um aldir. Stofnunarkirkjan tók vissulega að láta undan síga á tveimur síðustu áratugum níttjándu aldar þegar um starf hennar í sóknum og prestaköllum er að ræða. Um það leyti tóku söfnuðir að öðlast vaxandi hlutdeild í stjórn eigin mála. Á landsvísu hófst þróunin ekki fyrr en komið var fram á tuttugustu öld einkum þegar kirkjuþing kom til sögunnar. „Sveitakirkja“ með einhæfa starfshætti tók ekki að láta undan síga fyrr en komið var fram undir miðja tuttugustu öld. Lengst hefur prestakirkjan haldið velli og er raunar enn við lýði þegar tveir áratugir eru liðnir af tuttugustu og fyrstu öldinni. Hefur þessi hægfara stofnunarþróun kirkjunnar einangrað hana í samfélaginu.

Ekki er furða þótt þessar altæku breytingar endurspeglast í fjölda þeirra sem tilheyrja þjóðkirkjunni, trúa eins og hún eða samsama sig með henni á annan hátt. Vilji þjóðkirkjan hafa áhrif á þá þróun og þar með styrkja stöðu sína í náinni framtíð virðist lausnarinnar að leita í því að hún haldi áfram að þróa starfshætti sína frá því sem tíðkaðist í stofnunar-, „sveita-“ og prestakirkju fyrri tíma í átt til „þéttbýliskirkju“. Með því gæti hún öðlast styrka stöðu innan þriðja geira samfélagsins og þar með haldið áfram að stuðla að aukinni velferð og farsæld meðal landsmanna hvað svo sem lagalegri eða félagslegri stöðu hennar líður.

ÚTDRÁTTUR

Miklar breytingar hafa orðið á stöðu íslensku þjóðkirkjunnar á þeim tveimur áratugum sem liðnir eru af tuttugustu og fyrstu öldinni. Á þeim tíma hefur hlutfall þeirra sem tilheyra þjóðkirkjunni fallið um 25 prósentustig eða úr 89 í 63 prósent landsmanna. Til samanburðar tilheyrðu yfir 90 prósent þjóðkirkjunni 1985. Því má segja að staða þjóðkirkjunnar sé á hverfanda hveli. Meðal kirkjufólks er þessi þróun skýrð með því að óánægju gæti meðal þjóðarinnar með kirkjustofnunina á landsvísu og þar með yfirstjórn kirkjunnar en ekki starf hennar í héraði. Í greininni eru skýringar af þessu tagi taldar byggjast á gamaldags persónu- og atburðahverfum söguskilningi og leitast við að varpa ljósi á þróunina út frá samfélagslegum söguskilningi. Gengið er út frá því að skýringarnar á breyttri stöðu þjóðkirkjunnar stafi öðru fremur af þróun íslenska samfélagsins úr hefðbundnu, einföldu sveitasamfélagi í fjölgreint, nútímalagt þéttbýlissamfélag sem tekur örum breytingum. Í kirkjunni njóta ýmsir siðir, venjur og hefðir á hinn bóginn ríkari trúarlegrar, guðfræðilegrar og sögulegrar helgi en á flestum sviðum samfélagsins. Af þeim sökum hefur myndast misgengi milli kirkjunnar og samfélagsins sem kemur fram í því að íslenska þjóðkirkjan er enn að verulegu leyti „sveita-“, stofnunar- og prestakirkja af líku tagi og hér starfaði áður en fyrrnefndar samfélagsbreytingar hófust. Til að skýra þetta skýringarlíkan frekar er stiklað á stóru varðandi breytingar á stöðu og hlutverkum kirkjunnar og presta-stéttarinnar á Íslandi á ýmsum skeiðum kirkjusögunnar.

Lykilorð: Íslenska þjóðkirkjan, samfélagsbreytingar, félagsleg staða þjóðkirkjunnar, íslensk kirkjusaga

A B S T R A C T

**All Things Are Flowing: On the Changed Status
of the National Church of Iceland**

Great changes have occurred regarding the social status of the National Church of Iceland since the beginning of the twenty-first century. During that time, the membership has fallen by 25 percentage. Clergymen and others active in the local parishes often claim that this development can be attributed to a general dissatisfaction with the institution at the national level and thus with the church leaders. However, they state that this dissatisfaction does not apply to church life in the parishes. In the article, such explanations are considered to be based on an old-fashioned person- and event-oriented understanding of history. Instead,

HJALTI HUGASON

the author interprets the development from a social-historical point of view. He assumes that the explanations of the changed social status of the church are principally to be found in the development of the Icelandic society from a simple traditional, rural community to a multifaceted, modern, urban community undergoing rapid changes. However, various practices and traditions within the church maintain a rich religious, theological, and historical sanctity. As a result, a certain discrepancy has arisen between the church and the community, which is reflected in the fact that the National Church of Iceland is still to a large extent an old-fashioned, “rural”, institutional, and clergy-oriented church, like the one operated in the country before the modernization of the society.

Keywords: Icelandic church history, social changes, The National Church of Iceland, the social status of the church

HJALTI HUGASON

Prófessor í kirkjusögu

guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-102 Reykjavík, Ísland

hhugason@hi.is